



Bjarnarflagsvirkjun

Lýsing á völdum samfélagsþáttum vegna
undirbúnings mats á umhverfisáhrifum

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2017-027

Dags: 1. mars 2017

Fjöldi síðna: 57

Upplag: 3

Dreifing:

- ☒ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Bjarnarflagsvirkjun. Lýsing á völdum samfélagsþáttum vegna undirbúnings mats á umhverfisáhrifum.

Höfundar/fyrirtæki: Hjalti Jóhannesson / Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Verkefnisstjóri: Jóna Bjarnadóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Íbúum fækkaði úr 453 árið 2003 í 374 árið 2010. Ungu fólki og börnum fækkaði mikið. Hefur fjölgað í 400 árið 2016. Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað. Hreppurinn er á sama vinnusóknarsvæði og Húsavík og á atvinnusvæði Akureyrar með Vaðlaheiðargöngum. Tekjur jukust mest í veitinga- og gistirekstri í Þingeyjarsýslu 2008-2015. Fjórðungur erlendra ferðamanna kemur í Mývatnssveit og voru 303.000 2015. Samfélagsáhrif ferðaþjónustu eru mikil og telja íbúar að ferðamenn valdi auknu ónæði. Þjónusta ríkisins er takmörkuð. Leik- og grunnskólabörnum fækkaði mikið en er að fjölga. Samstarfsverkefni eru 26. Fyrir 2008 var afkoma hreppsins jákvæð en versnaði eftir það. Rekstur endurspeglar ekki aukna ferðaþjónustu og gripið til aðhaldsaðgerða 2016. Útgjöld fræðslu- og uppeldismála eru hlutfallslega lág. Skuldir voru um 53% af tekjum 2015.

Lykilorð: Skútustaðahreppur, samfélagslýsing, Mývatnssveit, íbúafjöldi, tekjur, þjónusta

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Jóna Bjarnadóttir", written over a horizontal line.

Bjarnarflagsvirkjun

Lýsing á völdum samfélagsþáttum vegna undirbúnings
mats á umhverfisáhrifum

EFNISYFIRLIT

1.	HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	1
2.	INNGANGUR	4
3.	MANNFJÖLDI OG SAMSETNING HANS.....	5
3.1.	MANNFJÖLDAÞRÓUN 2001-2016.....	5
3.2.	SAMSETNING MANNFJÖLDANS	6
3.3.	FRAMFÆRSLUHLUTFÖLL	8
3.4.	SAMSETNING ÍBÚA EFTIR UPPRUNA (ÍSLENSKIR/ERLENDIR)	9
3.5.	BÚFERLAFLUTNINGAR 2001-2016	10
3.6.	BÚFERLAFLUTNINGAR INNAN- OG MILLI LANDSHLUTA.....	11
3.7.	BÚFERLAFLUTNINGAR TIL OG FRÁ ÚTLÖNDUM	12
4.	ATVINNUMÁL.....	14
4.1.	SAMANBURÐUR VIÐ ATVINNULÍF Á LANDSVÍSU OG MISMUNUR Á ATVINNU MILLI KARLA OG KVENNA.....	15
4.2.	ATVINNUSÓKN MILLI STAÐA	17
4.3.	TEKJUR.....	20
4.4.	FERÐAÞJÓNUSTA.....	21
5.	OPINBER REKSTUR OG ÞJÓNUSTA.....	32
5.1.	ÞJÓNUSTA RÍKISINS.....	32
5.2.	ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA	34
5.3.	STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA.....	35
5.4.	REKSTUR OG AFKOMA SVEITARFÉLAGSINS	37
5.5.	TEKJUR.....	40
5.6.	GJÖLD.....	42
5.7.	SKULDIR	45
6.	NOKKAR HEIMILDIR UM ÁHRIFASVÆÐIÐ.....	47
6.1.	ÞRÓUN ATVINNULÍFS OG MANNFJÖLDA.....	47
6.2.	ATVINNU- OG ÞJÓNUSTUSÓKN, TEKJUR	47
6.3.	FERÐAÞJÓNUSTA.....	48
6.4.	OPINBER REKSTUR OG ÞJÓNUSTA	49

6.5.	SAMGÖNGUR	50
6.6.	ÁHRIF STÓRFRAMKVÆMDA	51
7.	HEIMILDASKRÁ.....	52
VIÐAUKI 1. YFIRLIT YFIR SAMSTARFSVERKEFNI		55

MYNDIR

Mynd 1. Mannfjöldapróun í Skútustaðahreppi 2001-2016. Gögn: Hagstofa Íslands.....	5
Mynd 2. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2001. Gögn: Hagstofa Íslands.....	6
Mynd 3. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2006. Gögn: Hagstofa Íslands.....	7
Mynd 4. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2011. Gögn: Hagstofa Íslands.....	7
Mynd 5. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2016. Gögn: Hagstofa Íslands.....	8
Mynd 6. Framfærsluhlutföll 2001-2016. Gögn: Hagstofa Íslands.	8
Mynd 7. Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara í Skútustaðahreppi, ársmeðaltöl 2009-2016. Gögn: Hagstofa Íslands.....	10
Mynd 8. Búferlaflutningar alls (aðfluttir umfram brottflutta) 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.....	11
Mynd 9. Búferlaflutningar (aðfluttir umfram brottflutta) innan- og milli landshluta 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.....	12
Mynd 10. Búferlaflutningar (aðfluttir umfram brottflutta) milli landa 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.....	13
Mynd 11. Hlutfallsleg skipting mannfjöldans á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.....	16
Mynd 12. Hlutfallsleg skipting starfandi fólks eftir starfsstéttum á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.	16
Mynd 13. Hlutfallsleg skipting starfandi fólks eftir atvinnustétt á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.	17
Mynd 14. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða. Heimild: Bygðastofnun.....	18
Mynd 15. Ánægja eða óánægja með fjölbreytni starfa í boði (eftir svæðum). Heimild: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir (2015).	19
Mynd 16. Finnur þú fyrir óþægindum eða kvíða þegar þú ferðast um Víkurskarð að vetrarlagi? (Eftir kyni). Heimild: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir (2015).	19
Mynd 17. Ánægja eða óánægja kvenna með fjölda starfa í boði (eftir svæðum). Heimild: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir (2015).....	20
Mynd 18. Þingeyjarsýsla, atvinnutekjur 2008 og 2015 í milljónum kr. Heimild: Bygðastofnun (2016).	21
Mynd 19. Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Þingeyjarsýslu 2014 og einstakra ferðamannastaða þar. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson (2015a).....	22
Mynd 20. Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Mývatnssveit árin 2009, 2013 og 2014. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson (2015a).	23
Mynd 21. Ástæða þess að Mývatnssveit varð fyrir valinu skv. könnun meðal ferðamanna sumarið 2015. Heimild: Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2017).	24
Mynd 22. Ferðaþjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu hér á svæðinu. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).....	26

Mynd 23. Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).....	26
Mynd 24. Það er neikvætt að starfsfólk í ferðaþjónustu er hér bara tímabundið. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).	27
Mynd 25. Ferðaþjónustu fylgir umferð sem truflar aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).	27
Mynd 26. Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016).....	27
Mynd 27. Áætlaður fjöldi ferðamanna í Þingeyjarsýslu 2005-2014. Heimild: Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016).....	29
Mynd 28. Fjöldi ársverka eftir atvinnugreinum í Þingeyjarsýslu 2007-2014. Heimild: Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016).....	30
Mynd 29. Aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu á Íslandi (sérhæfð sjúkrahús) eftir vegakerfinu. Heimild: Bygðastofnun (2017).....	33
Mynd 30. Aðgengi íbúa að menntun á Íslandi (framhaldsfræðslu) eftir vegakerfinu. Heimild: Bygðastofnun (2017).	33
Mynd 31. Fjöldi barna eftir árum í leikskólanum Yl 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.	34
Mynd 32. Fjöldi nemenda eftir bekkjum í Reykjavíðarskóla 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.....	35
Mynd 33. Rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs Skútustaðahrepps (A-hluta) á tímabilinu 2002-2015 á verðlagi hvers árs. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	38
Mynd 34. Rekstrarniðurstaða í hlutfalli af tekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	39
Mynd 35. Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	39
Mynd 36. Tekjur Skútustaðahrepps 2002-2015 (A-hluti sveitarsjóðs) eftir tegundum og árum (þús. kr.). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	40
Mynd 37. Tekjur Skútustaðahrepps 2002-2015 (A-hluti sveitarsjóðs) eftir tegundum og árum (þús. kr. á föstu verðlagi meðal neysluverðsvísitölu 2015). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	41
Mynd 38. Hlutfall jöfnunarsjóðs af tekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is . ..	41
Mynd 39. Útgjöld Skútustaðahrepps eftir helstu málaflokkum 2002-2015 á verðlagi hvers árs (A-hluti sveitarsjóðs). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	42
Mynd 40. Útgjöld í nokkrum „minni“ málaflokkum Skútustaðahrepps á tímabilinu 2002-2015 á verðlagi hvers árs (A-hluti sveitarsjóðs). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	43
Mynd 41. Hlutfall fræðslu- og uppeldismála af skatttekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	44

Mynd 42. Hlutfall æskulýðs- og íþróttamála af skatttekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	45
Mynd 43. Skuldir og skuldbindingar í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu í hlutfalli við tekjur 2009-2015. Heimild Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	46

TÖFLUR

Tafla 1. Erlendir ríkisborgarar í búferlaflutningum milli landa og Norðurlands eystra á tímabilinu 2009-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.	10
Tafla 2. Starfandi fólk eftir atvinnugreinum á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.	15
Tafla 3. Rekstur málaflokka í kr. á íbúa árið 2015 í Skútustaðahreppi, Norðurþingi og Þingeyjarsveit. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is	44

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Mannfjöldi Skútustaðahrepps var 453 árið 2003 en síðan fór að halla undan fæti. Kísiliðjan lokaði í árslok 2004 og milli 2003 og 2004 fækkaði mikið og allt til ársins 2010. Bjuggu þá 374 í hreppnum sem er fækkun um 79 eða um 17%. Síðan stóð mannfjöldinn í stað til 2014 og náði aftur 400 íbúa markinu 2016.
- Mannfjöldapíramídar sýna að árið 2006 höfðu skörð höggvist í aldurhópana 20-35 ára vegna búferlaflutninga. Árið 2016 má sjá fjölmenna aldursflokka 45-54 ára sem virðast hafa flutt burt í miklum mæli og fjölmenna aldursflokka barna (þeirra) 15-24 ára. Einnig má sjá fámenna aldursflokka á bilinu 25-39 ára annars vegar og 5-14 ára hins vegar.
- Framfærsluhlutfall yngra fólks (0-19 ára) var hærra en landsmeðaltal fram til 2008 en lækkaði síðan og fór undir landsmeðaltal. Framfærsluhlutfall eldri borgara (65+) hefur lækkað sem er öfugt við það sem gerist á landinu að jafnaði.
- Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað úr 3% í 13% árin 2009-2016.
- Frá árinu 2001 má sjá tvö tímabil búferlaflutninga, annars vegar 2003-2009 sem einkenndist af brottflutningi og frá 2009 til 2015 þegar aðflutningur varð heldur meiri en brottflutningur. Árin 2014 og 2015 var umtalsverður aðflutningur.
- 2001-2015 fluttu 75 frá Skútustaðahreppi til annarra sveitarfélaga innan Norðurlands eystra umfram þá sem fluttu þaðan til hreppsins.
- 2001-2015 voru aðfluttir til Skútustaðahrepps frá útlöndum 15 fleiri en brottfluttir til útlanda, aðflutningur hefur aukist síðastliðin ár.
- Mesti munurinn á samsetningu atvinnugreina á landinu og í Þingeyjarsýslu var skv. manntali Hagstofunnar 2011 mikið umfang frumvinnslu í Þingeyjarsýslu og minna umfang viðskipta, samgangna, hótél og veitingastaðarekstrar. Atvinnuþátttaka karla var meiri en að meðaltali á landinu og meiri munur á milli kynja. Sérfræðistörf, störf stjórnenda, tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru hlutfallslega fleiri á landinu skv. manntali Hagstofunnar. Bændur og fiskimenn voru hlutfallslega fjölmennari í sýslunni og sérhæft fólk í iðnaði og ósérhæfðum störfum.

- Mývatnssveit er á sama vinnusóknarsvæði og Húsavík. Vinnusóknarsvæðið mun stækka þegar Vaðlaheiðargöng komast í notkun og a.m.k. hluti Skútustaðahrepps færist inn á atvinnusvæði Akureyrar.
- Milli 2008 og 2015 hafa heildartekjur í veitinga- og gistirekstri aukist mest allra atvinnugreina (63%) og hlutfallslega jukust tekjur mest í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu (82%).
- Um fjórðungur erlendra ferðamanna leggur leið sína til Mývatnssveitar en ferðamenn þar (erlendir og íslenskir) voru um 273.000 árið 2014.
- Samfélagsáhrif ferðaþjónustunnar eru mjög mikil í Mývatnssveit. Íbúar telja skv. könnun að ferðamenn valdi meira ónæði en áður og að umferð sem fylgir ferðaþjónustu trufla aðra atvinnustarfsemi á svæðinu.
- Alls eru 225 herbergi í hótélum sem nú eru í rekstri og 134 bætast við miðað við áform sem hafa verið uppi um hótélbyggingar.
- Þjónusta ríkisins er einföld í sniðum í Skútustaðahreppi. Eina eiginlega þjónustuútibú ríkisins sem þar er rekið er Heilsugæslan í Reykjahlíð sem er hluti af Heilbrigðisstofnun Norðurlands.
- Börnum á leikskólanum Yl fækkaði úr 25 í 7 á tímabilinu 2002-2008.
- Í Reykjahlíðarskóla fækkaði úr 82 nemendum 2002 í 32 árið 2015 (60% fækkun).
- Mörk Skútustaðahrepps hafa staðið óbreytt lengi þrátt fyrir þrjár tilraunir til sameininga frá árinu 1993. Á hreppurinn aðild að um 26 samstarfsverkefnum ásamt grannsveitarfélögum í Þingeyjarsýslu og á Norðurlandi.
- Á árunum fram að fjármálakreppu 2008 varð afkoma hreppsins jákvæð en síðan fór hún á verri veg. Hluttur jöfnunarsjóðs í tekjum var 26% árið 2002 en hækkaði í 42% árið 2007. Fasteignaskattar hafa hækkað sem hlutfall af heildartekjum.
- Á föstu verðlagi hækkuðu útgjöld til fræðslu- og uppeldismála til 2007 en hafa lækkað síðan. Útgjöld til fræðslu- og uppeldismála voru árið 2015 aðeins um helmingur af því sem var hjá Þingeyjarsveit en svipuð og hjá Norðurþingi.
- Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála hafa hækkað um 24% frá 2002. Vegna kostnaðar við viðgerðir og rekstur sundlaugar í Reykjahlíð ákvað sveitarstjórn Skútustaðahrepps við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 að loka henni í upphafi þess árs.

- Skuldir Skútustaðahrepps sem hlutfall af tekjum voru rúmlega 53% árið 2015 sem er álíka staða og í Þingeyjarsveit og mun betri en í Norðurþingi þar sem þetta hlutfall er 180%.

2. INNGANGUR

Greinargerð þessi er unnin að beiðni Landsvirkjunar sem liður í undirbúningi nýrrar gufuaflsvirkjunar í Bjarnarflagi. Markmiðið með gerð hennar er að glöggva sig á samfélagslegum aðstæðum í Skútustaðahreppi og nágrannasveitarfélögum. Þess er vænst að þessi gagnasöfnun og gerð stöðulýsingar nýtist við framhald vinnu við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Þeir efnisflokkar sem voru til skoðunar í greinargerðinni eru í stórum dráttum þeir sömu og í fyrri rannsóknum á samfélagsáhrifum stórra framkvæmda á borð við virkjanir og stóriðju, m.a. vegna stórframkvæmda á Austurlandi og Norðurlandi.

Byggt var að mestu leyti á upplýsingum frá opinberum aðilum á borð við Skútustaðahrepp, Hagstofu Íslands, Byggðastofnum og Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig var leitað fanga á heimasíðum annarra fyrirtækja og stofnana eftir atvikum. Margvíslegar skýrslur og rannsóknagögn sem varða Skútustaðahrepp og nágrannasveitarfélögin eða Norðurland eystra sem heild voru rýndar og nýttar til að lýsa stöðu samfélagsins á svæðinu eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til.

Samantekt þessi var unnin af Hjalta Jóhannessyni sem var verkefnisstjóri en samstarfsfólki hjá RHA og Landsvirkjun eru færðar góðar þakkir fyrir gagnlegar ábendingar um efni og framsetningu þess.


3. MANNFJÖLDI OG SAMSETNING HANS

Hér verður gerð grein fyrir þróun mannfjölda og samsetningu hans með tilliti til kyns, aldurs og bakgrunns íbúa. Verður sjónum aðallega beint að Skútustaðahreppi en einnig nágrannasveitarfélögum eða landshlutanum Norðurlandi eystra þegar svo ber undir, m.a. vegna þess að gögn eru ekki aðgengileg til að lýsa stöðu mála í Skútustaðahreppi einum.

„Mývatnssveit er talin ein hin fegursta og heilnæmasta byggð hér á landi. Þeir, sem þar eru fæddir og uppaldir yfirgefa sjaldan áttuga sína nema með sárum söknuði“. Svo skrifaði Jónas Jónsson frá Hriflu í Tímann (1938, 28. apríl). Áhugavert er að skoða hversu vel áttugaböndin hafa haldið í íbúa hreppsins á undanförunum árum.

3.1. Mannfjöldapróun 2001-2016

Mynd 1 sýnir mannfjöldapróun í Skútustaðahreppi frá 2001 til 2016 eftir kynjum. Mannfjöldinn náði hámarki 2003 (453) en síðan fór að halla undan fæti. Freistandi er að tengja þróunina við lokun Kísiliðjunnar í Mývatnssveit í árslok 2004 en milli árána 2003 og 2004 fækkaði mikið. Mikil fækkun hélt síðan áfram allt til ársins 2010. Þjuggu þá 374 í hreppnum og hafði því fækkað um 79 manns eða um 17% á sjö árum. Síðan stóð mannfjöldinn í stað í nokkur ár þar til 2014 að það fór að fjölga aðeins á ný og náði aftur 400 íbúa markinu árið 2016. Vísbendingar eru um að jákvæð þróun haldi áfram m.a. með vísan til aldurssamsetningar mannfjöldans sem hefur verið að breytast og fjallað er um nánar hér á eftir.




Mynd 1. Mannfjöldapróun í Skútustaðahreppi 2001-2016. Gögn: Hagstofa Íslands.

Karlar hafa flest þessi ár verið heldur fleiri en konur í Skútustaðahreppi en það er algengt í dreifbýli á Íslandi sem og víða erlendis þar sem svipað háttar til. Konur sækja alla jafna meira

í þéttbýlisstaðsetningu þar sem er meðal annars meiri fjölbreytni þjónustu og starfa, svo og fleiri og fjölbreyttari menntunartækifæri.


3.2. Samsetning mannfjöldans

Þegar skoðaðir eru mannfjöldapíramídar fyrir Skútustaðahrepp með fimm ára millibili; 2001, 2006, 2011 og 2016 kemur margt áhugavert í ljós. Notaðir eru fimm ára aldursflokkar hér. Hafa ber í huga að þegar verið er að skoða fámenn svæði líkt og Skútustaðahrepp þá geta búferlaflutningar fjölmennra fjölskyldna og nánast tilviljanir ráðið því að einstakir aldursflokkar skera sig úr. Í tilviki aldurspíramídans fyrir árið 2001 skera karlar á aldrinum 40-44 ára sig verulega úr. Aðeins ber á að hlutfallslega færri ungar konur og karlar (30-39 ára) séu búsett í Skútustaðahreppi en ef aldursdreifingin fylgdi samsetningu á landinu öllu (sem er skyggða svæðið að baki heildregnu línunum/liggjandi súlunum sem tákna samsetningu mannfjöldans í Skútustaðahreppi).




Mynd 2. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2001. Gögn: Hagstofa Íslands.

Árið 2006, þegar talsverð fækkun íbúa hafði átt sér stað frá 2003 má sjá að stór skörð höfðu höggvist í hópa ungra karla og kvenna á aldrinum 20-35 ára vegna búferlaflutninga. Eldri aldurshópar eru hlutfallslega stærri og nokkrir aldurshópar á grunnskólaaldri.




Mynd 3. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2006. Gögn: Hagstofa Íslands.

Árið 2011 hafði svipuð þróun haldið áfram en til viðbótar má sjá að mjög hafði fækkað í aldurshópum barna á leik- og grunnskólaaldri.



Mynd 4. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2011. Gögn: Hagstofa Íslands.

Meira ójafnvægi var komið á mannfjöldasamsetninguna árið 2016 og má í raun sjá að ákveðin bylgja hafði færst upp mannfjöldapíramídan. Eiginlega má sjá þarna fjölmenna aldursflokka svo sem 45-54 ára og fjölmenna aldursflokka barna (þeirra) 15-24 ára og síðan fámenna aldursflokka á bilinu 25-39 ára annars vegar og 5-14 ára hins vegar.




Mynd 5. Skútustaðahreppur, mannfjöldapíramídi 2016. Gögn: Hagstofa Íslands.

Að yngsti aldursflokkur barna (0-4 ára) var á árinu 2016 orðinn stærri en 5-9 ára og aukinheldur fjölgun meðal ungra fullorðinna, 20-29 ára gefur vissar vísbendingar um viðsnúning í mannfjöldapróuninni í Skútustaðahreppi.

3.3. Framfærsluhlutföll

Framfærsluhlutföll sýna hve hátt hlutfall yngra fólks (0-19 ára) og eldra (65 ára og eldra) er miðað við fólk á virkum vinnualdri (20-65 ára). Í raun má segja að þetta endurspegli framfærslubyrðina í viðkomandi sveitarfélagi eða svæði.



Mynd 6. Framfærsluhlutföll 2001-2016. Gögn: Hagstofa Íslands.

Eins og fram kom að framan í umfjöllun um mannfjöldapíramíðana og þá sögu sem þeir segja má sjá að það geta verið teikn um einkar jákvæða þróun samfélags að framfærsluhlutfall yngra fólks sé fremur hátt.


Mynd 6 sýnir að framfærsluhlutfall yngra fólks, þ.e. 0-19 ára var hærra en landsmeðaltal fram til ársins 2008 en lækkaði síðan og fór þá verulega undir landsmeðaltalið. Þetta fer saman við upplýsingarnar sem lesa má úr mannfjöldapíramíðum og upplýsingar um þróun barnafjölda í leikskóla og nemendafjölda grunnskólans. Þróunin á landsvísu er vissulega í sömu átt þ.e. til lækkunar framfærsluhlutfallsins, lækkunin í Skútustaðahreppi er hins vegar miklu hraðari en á landsvísu og ætti því að valda nokkrum áhyggjum.

Þar sem framfærsluhlutfall yngri á við um allan aldurinn upp að 20 ára aldri þá gætir nýlegra breytinga á aldursamsetningu mannfjöldans þ.e. fjölgun yngstu barnanna (0-4 ára) ekki enn í hækkun framfærsluhlutfallsins.

Framfærsluhlutfall 65 ára og eldri er einnig búið að lækka en þar er þróunin hins vegar hægari en meðal yngri hluta mannfjöldans. Annað sem vekur sérstaka athygli er að á landinu sem heild er framfærsluhlutfall eldri borgara að hækka sem er í takt við það sem gerist á Vesturlöndum með öldrun mannfjöldans. Það að þróunin er öfug vekur upp spurningar. Má til dæmis velja því fyrir sér hvort þróunin í Skútustaðahreppi geti stafað af brottflutningi eldra fólks úr sveitarfélaginu en þekkt er að tíðni búferlaflutninga sé talsverð kringum þau tímamót er fólk fer á eftirlaun. Ástæður geta verið margvíslegar, svo sem að flytja á staði þar sem þjónusta á borð við heilbrigðisþjónustu er betri, auðveldara að stunda áhugamál sín eða að feta í fótspor brottfluttra barna og barnabarna. Til að kanna hvort þetta er raunin í Skútustaðahreppi þarf að afla sér sérstakra útkeyrsla úr gagnagrunni Hagstofunnar þar sem þessar upplýsingar liggja ekki fyrir í gögnum sem eru aðgengileg á vefnum.

3.4. Samsetning íbúa eftir uppruna (íslenskir/erlendir)

Mynd 7 sýnir hlutföll íslenskra og erlendra ríkisborgara í Skútustaðahreppi á tímabilinu 2009-2016. Áberandi er hve erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað hlutfallslega á þessu átta ára tímabili eða úr 3% í 13%. Freistandi er að álykta sem svo að þessi fjölgun tengist búferlaflutningum erlendra ríkisborgara til sveitarfélagsins, s.s. í tengslum við atvinnu í ferðaþjónustu.



Mynd 7. Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara í Skútustaðahreppi, ársmeðaltöl 2009-2016. Gögn: Hagstofa Íslands.

Á vef Hagstofunnar eru ekki til tölur um búferlaflutninga eftir ríkisfangi og sveitarfélögum en slíkar upplýsingar eru hins vegar til eftir landshlutum og má sjá að á sama tímabili (2009-2016) hafa aðfluttir erlendir ríkisborgarar til Norðurlands eystra verið mun fleiri en brottfluttir og ágerðist aðflutningurinn eftir því sem leið á tímabilið (Tafla 1).


Tafla 1. Erlendir ríkisborgarar í búferlaflutningum milli landa og Norðurlands eystra á tímabilinu 2009-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Norðurland eystra, aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta í flutningum milli landa.	-134	13	3	46	101	108	146

Í raun má sjá að ákveðinn vendipunktur hafi verið árið 2011 en um það leyti er Eyjafjallajökulgosi lauk tók íslensk ferðaþjónusta gríðarlegan vaxtarkipp sem enn sér ekki fyrir endann á.

3.5. Búferlaflutningar 2001-2016

Hér verður fjallað um hina almennu þróun búferlaflutninga sem sjá má í Skútustaðahreppi en þegar hefur aðeins verið fjallað um búferlaflutninga, svo sem til að leita nánari skýringa á lækkandi framfærsluhlutfalli eldri borgara og fjölgun erlendra ríkisborgara í Skútustaðahreppi.




Mynd 8. Búferlaflutningar alls (aðfluttir umfram brottflutta) 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.

Frá árinu 2001 má í grófum dráttum sjá tvö tímabil búferlaflutninga. Annars vegar var um að ræða tímabil sem einkenndist af brottflutningi eða árin 2003-2009. Fluttu þá alls 74 fleiri frá Skútustaðahreppi en til hans. Eftir 2009 var önnur þróun í gangi, en þá varð aðflutningur heldur meiri en brottflutningur eða sem nam samtals 28 manns yfir tímabilið. Tvö síðustu árin sem tölur eru til um, eða 2014 og 2015 sýna umtalsverðan aðflutning og verður spennandi að sjá hvort framhald verður þá þeirri þróun.

Yfir allt tímabilið 2001-2015 voru brottfluttir 34 fleiri en aðfluttir.

3.6. *Búferlaflutningar innan- og milli landshluta*

Mynd 9 sýnir aðflutta umfram brottflutta milli sveitarfélaga annars vegar innan landsvæðis (Norðurlands eystra) og hins vegar milli Skútustaðahrepps og annarra landsvæða. Sjá má að búferlaflutningar milli Skútustaðahrepps og annarra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra eru að jafnaði meiri að umfangi en milli hreppsins og annarra landshluta.



Mynd 9. Búferlaflutningar (aðfluttir umfram brottflutta) innan- og milli landshluta 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.

Á tímabilinu 2003-2009 var brottflutningurinn að verulegu leyti til annarra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og er að freistandi að álykta sem svo að stór hluti þessa hafi verið búferlaflutningar til Akureyrar.

Á tímabilinu 2010-2015, sem fremur öðru einkenndist af flutningum til Skútustaðahrepps, má sjá að stærri hluti aðflutnings til Skútustaðahrepps var frá öðrum landshlutum en brottflutningur frá Skútustaðahreppi til annarra sveitarfélaga innan Norðurlands eystra hélt áfram.


Yfir tímabilið 2001-2015 fluttu 75 frá Skútustaðahreppi til annarra sveitarfélaga innan Norðurlands eystra umfram þá sem fluttu þaðan til Skútustaðahrepps. Má ætla að aðdráttarafl Akureyrar hafi þarna mikil áhrif.

Yfir allt tímabilið voru aðfluttir til Skútustaðahrepps frá öðrum landshlutum 26 fleiri en brottfluttir til annarra landshluta og má telja það nokkuð athyglisverða niðurstöðu, einkum þegar haft er í huga hið mikla aðdráttarafl sem höfuðborgarsvæðið hefur almennt í búferlaflutningum innanlands.

3.7. Búferlaflutningar til og frá útlöndum

Í grófum dráttum má sjá þrjú tímabil búferlaflutninga milli Skútustaðahrepps og útlanda. Á öllu tímabilinu 2001-2015 voru aðfluttir til Skútustaðahrepps frá útlöndum 15 fleiri en brottfluttir til útlanda. Má segja að þetta tímabil skiptist í þrennt. Árin 2001-2008 voru aðfluttir umfram brottflutta 10 talsins. Eftir hrunið 2008 snérist dæmið við og voru brottfluttir umfram

aðflutta árin 2009-2013 samtals 15 talsins. Síðustu tvö árin voru svo aftur mjög frábrugðin en aðfluttir frá útlöndum umfram brottflutta voru þá 20.



Mynd 10. Búferlaflutningar (aðfluttir umfram brottflutta) milli landa 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.

Aðflutningur frá útlöndum árin 2014 og 2015 er ein athyglisverðasta þróunin í búferlaflutningum Skútustaðahrepps á undanförunum árum og er freistandi að tengja þetta við fjölgun erlendra ríkisborgara í hreppnum og fjölgun starfa í ferðaþjónustu sem eru að umtalsverðu leyti mönnuð af útlendingum á sumrin samkvæmt viðtölum sem fram fóru í tengslum við samfélagsáhrif ferðaþjónustu í Skútustaðahreppi (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2016).

4. ATVINNUMÁL

Skútustaðahreppur er í grunninn landbúnaðarsamfélag sem hefur gegnum aldirnar nýtt náttúruna og það sem hún gefur á margvíslegan hátt. Þetta hefur verið að breytast smátt og smátt síðustu áratugina og vægi landbúnaðar minnkað. Hins vegar hefur nýting náttúrulegra auðlinda svæðisins haldið áfram að vera undirstaða atvinnu á svæðinu þótt á annan hátt sé. Má nefna kísilgúrnám, virkjun jarðgufu til rafmagnsvinnslu, iðnaðarframleiðslu og ferðaþjónustu. Síðast en ekki síst hefur nýting sérkennilegrar og fagurrar náttúru sífellt aukist í þágu ferðaþjónustunnar.

Árið 1966 var reist kísilgúrverksmiðja við Námaskarð sem nýtti jarðgufu til þess að þurrka kísilgúr sem dælt var af botni Mývatns. Þorpið í Reykjahlíð reis á þessum tíma í tengslum við uppbyggingu verksmiðjunnar og er í raun fyrsta verksmiðjuþorpið sem rís á landinu. Kísilgúrverksmiðjan var að hluta til í eigu íslenska ríkisins og að hluta til í eigu erlendra aðila. Afurðir voru fluttar út um höfnina á Húsavík og vegabætur milli staðanna um Hólasand tengdust þessari starfsemi. Verksmiðjan lokaði endanlega í árslok 2004 en rekstur hennar hafði þá gengið brösuglega síðasta áratuginn, sala afurða gekk treglega og verksmiðjan var orðin úrelt (Alþingi, 2016). Lokunin hafði eðlilega mikil áhrif á atvinnulífið og sveitarfélagið almennt. Má sjá áhrifin af þessari lokun í kafla 3 um mannfjöldapróun í Skútustaðahreppi.

Þriðja dæmið um auðlindanotkun á svæðinu er nýting jarðgufu til rafmagnsframleiðslu. Var fyrsta slíka virkjunin hérlandis reist af Laxárvirkjun árið 1969 í Bjarnarflagi og er hún 3 MW að stærð. Þetta er ekki eina nýting gufunnar sem þarna var virkjuð því orkan er einnig notuð fyrir hitaveituna í Reykjahlíð, fyrir Baðfélag Mývetninga og þá var hún ennfremur notuð fyrir Kísiliðjuna meðan hún var og hét (Landsvirkjun, 2016a). Kröfluvirkjun er önnur gufuaflsvirkjunin er reis á svæðinu. Hófust framkvæmdir árið 1974 og var þar einnig um ákveðið brautryðjendastarf að ræða. Var stöðin um langa hríð aðeins með annan 30 MW hverfilinn í notkun vegna gufuskorts en hefur verið rekin á fullum afköstum í um 20 ár eða frá 1997 (Landsvirkjun, 2016b).

Fjórdða dæmið um auðlindanýtingu í Mývatnssveit nútímans er í raun ferðaþjónustan sem hefur verið að aukast í sveitarfélaginu, sérstaklega eftir að mikill vöxtur hljóp í hana eftir 2010. Verður nánar fjallað um þróun ferðaþjónustunnar hér að neðan (bls. 21) enda er hún líklega orðin mikilvægasta atvinnugreinin í sveitarfélaginu.

Ferðaþjónusta hefur sérstöðu meðal atvinnugreina í Skútustaðahreppi. Hún skapar fjölda starfa en hefur verið afar árstíðabundin. Með vexti ferðaþjónustunnar á undanförunum árum hefur árstíðasveiflan hins vegar verið að minnka nokkuð.

Í rannsókn á vegum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og RHA á samfélagsáhrifum ferðaþjónustu sem gerð var árið 2016 var kannað viðhorf íbúa í Skútustaðahreppi og tveimur öðrum sveitarfélögum¹ til ferðaþjónustu og ferðamanna.

4.1. Samanburður við atvinnulíf á landsvísu og mismunur á atvinnu milli karla og kvenna


Gögn fengust úr manntalinu sem framkvæmt var árið 2011 fyrir samsetningu atvinnulífs í Þingeyjarsýslu í heild. Að jafnaði eru þessar tölur ekki aðgengilegar fyrir smærri landsvæði en höfuðborgarsvæðið annarsvegar og hinsvegar landsbyggðina sem heild sem sjaldan dugar til að sýna fram á landsfræðilegan mismun milli svæða. Taflan hér að neðan sýnir samsetningu atvinnulífsins árið 2011, annars vegar á landinu öllu og hins vegar í Þingeyjarsýslu. Búast má við að samsetning atvinnulífsins hafi allmikið breyst síðan, einkum vegna sóknar ferðaþjónustunnar.

Tafla 2. Starfandi fólk eftir atvinnugreinum á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.

	Landið	Þingeyjar-sýsla	Mismunur (% stig)
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	6%	20%	14
Framleiðsla, námur og veitur	14%	18%	4
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	5%	6%	1
Viðskipti, samgöngur, hótél og veitingastaðir	24%	16%	-8
Upplýsingar og fjarskipti	4%	1%	-3
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	4%	2%	-2
Fasteignaviðskipti	1%	0%	-1
Ýmis sérhæfð þjónusta	8%	4%	-4
Starfsemi hins opinbera	29%	30%	1
Önnur starfsemi	5%	3%	-2

Mesti munurinn á landinu öllu og Þingeyjarsýslu er meira umfang frumvinnslugreina í Þingeyjarsýslu og minna umfang viðskipta, samgangna, hótél- og veitingastaðarekstrar. Sá munur hefur væntanlega minnkað verulega síðan 2011 vegna uppgangs ferðaþjónustunnar. Þá er einnig áberandi að sérhæfðari starfsemi s.s. upplýsingar og fjarskipti og ýmis sérhæfð þjónusta hafði hlutfallslega færri starfandi í Þingeyjarsýslu en á landinu í heild.


¹ Siglufirði og Höfn í Hornafirði



Mynd 11. Hlutfallsleg skipting mannfjöldans á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.

Þegar skoðað er hlutfall íbúa sem eru starfandi, atvinnulausir eða utan vinnumarkaðar eftir sömu svæðaskiptingu og eftir kynjum má sjá að mikill munur er á milli kynjanna. Atvinnuþátttakan er mun meiri meðal karlanna og er þessi munur enn meiri í Þingeyjarsýslu en á landinu öllu að meðaltali.

Talsverður munur var á Þingeyjarsýslu og landinu öllu hvað varðar hlutfallslega skiptingu starfandi fólks eftir starfsstéttum. Sérfræðistörf voru þannig áberandi hlutfallslega fleiri á landinu en einnig mátti sjá að svipað gildi um stjórnendur, tækna og sérmenntað starfsfólk. Á hinn bóginn og kemur ekki á óvart voru bændur og fiskimenn hlutfallslega fjölmennari í sýslunni og einnig sérhæft fólk í iðnaði og ósérhæfðum störfum (Mynd 12).




Mynd 12. Hlutfallsleg skipting starfandi fólks eftir starfsstéttum á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.

Almennt má sjá af þessari skiptingu að það sem helst vantaði eru störf fyrir sérmenntað fólk.

Atvinnuuppbygging sem miðar að því að auka fjölbreytni starfa á svæðum á borð við Skútustaðahrepp er mikilvæg. Ekki síst er vert að hafa í huga að fyrir ungt fólk sem farið hefur í langskólanám er auðveldara að fá vinnu við hæfi þar sem umrædd störf eru í einhverjum mæli í boði. Í því sambandi skal einnig nefnt að á fámennum og einhæfum vinnumarkaði getur reynst vandkvæðum bundið að finna atvinnu við hæfi fyrir maka. Í þessum tilvikum geta aðstæður til atvinnusóknar út fyrir heimabyggðina riðið baggamuninn um það hvort fólk, einkum þeir sem hafa sérmenntun, sjái sér fært sé setjast að á svæðum á borð við Skútustaðahrepp.

Mynd 13 sýnir að enn fremur kom fram munur milli Þingeyjarsýslu og landsins sem heildar hvað varðar skiptingu starfandi fólks eftir starfsstétt. Þannig voru einyrkjar og atvinnurekendur mun algengari í Þingeyjarsýslu en á landinu öllu að jafnaði.



Mynd 13. Hlutfallsleg skipting starfandi fólks eftir atvinnustétt á landinu öllu og Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 2011.


Má væntanlega rekja þennan mismun á starfsstéttum til umfangs landbúnaðar og fiskveiða í sýslunni þar sem oft er um að ræða starfsemi einyrkja eða smærri atvinnurekstur í þessum atvinnugreinum.

4.2. Atvinnusókn milli staða

Hreyfanleiki mannfjöldans hefur aukist smátt og smátt með betra vegakerfi, vetrarþjónustu, upplýsingatækni og farartækjum. Hluti af þessari þróun er aukin vinnusókn milli staða og svæða. Gildir þetta um Norðausturland svo sem víðar á landinu. Vinnusóknarsvæði er almennt hugsað sem það svæði út frá tilteknum vinnustað þar sem unnt er að sækja vinnu daglega.

Einnig má hugsa sér vinnusóknarsvæði út frá t.d. þéttbýlisstöðum eða þar sem margir vinnustaðir eru staðsettir (t.d. Grundartangi).

Samkvæmt athugun Bygðastofnunar á vinnusókn milli svæða sem byggðist einkum á upplýsingum atvinnuþróunarfélaga í hverju héraði er Mývatnssveit á sama vinnusóknarsvæði og Húsavík (Mynd 14). Oft er miðað við í rannsóknum að vegalengd daglegrar atvinnusóknar sé að jafnaði sem nemur 45 mínútna akstri².



Mynd 14. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða. Heimild: Bygðastofnun.

Vinnusóknarsvæði munu stækka talsvert á Norðausturlandi þegar Vaðlaheiðargöng komast í notkun. Þetta gildir sérstaklega um vinnusóknarsvæði út frá Akureyri og vetrarferðir verða mun áreiðanlegri á milli héraðanna.


Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri hefur verið að skoða stöðu samgangna um Víkurskarð á Vaðlaheiði og væntingar um breytingar með tilkomu Vaðlaheiðarganga. Í viðtölum við íbúa kemur meðal annars fram að þeir telji að vinnusókn muni aukast. Þá muni úrval atvinnutækifæra aukast meðal annars fyrir ungt háskólamenntað fólk og verða auðveldara að búa t.d. í Mývatnssveit og sækja sér vinnu við hæfi þar sem hana er að fá. Þetta

² Sjá t.d. ESPON 111 Potentials for polycentric development in Europe

(http://www.espon.eu/export/sites/default/Documents/Projects/ESPON2006Projects/ThematicProjects/Polycen-tricity/fr-1.1.1_revised-full.pdf)


mun meðal annars hafa þau áhrif að auðveldara verður fyrir heimili þar sem eru tvær fyrirvinnur að finna sér atvinnu við hæfi innan vinnusóknarsvæðis (Hjalti Jóhannesson, 2016b).

Í könnun meðal íbúa í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu í október 2014 kom fram talsverður munur á viðhorfum kynjanna til samgangna um Víkurskarð. Konur svara því til að þær hafi meiri vara á sér gagnvart núverandi samgöngum um fjallveginn og má því búast við að Vaðlaheiðargöngin hafi að sumu leyti meiri áhrif á líf þeirra en karlanna (Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir, 2015).




Mynd 15. Ánægja eða óánægja með fjölbreytni starfa í boði (eftir svæðum). Heimild: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir (2015).

Einnig hefur komið fram að íbúar reikna með að sækja í auknum mæli þjónustu til Akureyrar eftir því sem ferðir verða auðveldari þangað sem munu í staðinn minnka kaup á þjónustu í Þingeyjarsýslu, þar á meðal í Skútustaðahreppi (Hjalti Jóhannesson, 2016b).



Mynd 16. Finnur þú fyrir óþægindum eða kvíða þegar þú ferðast um Víkurskarð að vetrarlagi? (Eftir kyni). Heimild: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir (2015).

Í sömu könnun meðal íbúa var spurt ýmissa spurninga um atvinnumál og kom m.a. fram að konur austan Vaðlaheiðar eru frekar óánægðar með fjölda starfa í boði en karlar og rennir það frekari stoðum undir þá tilgátu að breyttar samgöngur á borð við Vaðlaheiðargöng nýtist jafnvel frekar konum en körlum í atvinnulegu tilliti.




Mynd 17. Ánægja eða óánægja kvenna með fjölda starfa í boði (eftir svæðum). Heimild: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir (2015).

Í sérstakri hlutarannsókn í tengslum við skoðun á áhrifum Vaðlaheiðarganga voru tekin djúpvíðtöl við sex einstaklinga af báðum kynjum í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit (Hjalti Jóhannesson, 2016a). Markmiðið var að skoða mismunandi hlutverk kynjanna þegar kemur að vinnusókn. Fimm af sex viðmælendum voru með háskólamenntun og starfið var þess eðlis að ekki bauðst svo sérhæft starf í Skútustaðahreppi/Þingeyjarsveit þannig að það þurfti að sækja það þangað sem það var í boði. Einnig var dæmi um að það hentaði betur að fá starf við hæfi á vinnustað í öðru sveitarfélagi vegna návígis við skjólstæðinga í fámenna samfélaginu. Ýmsar ástæður lágu fyrir því að velja sér búsetu í dreifbýlinu, s.s. vinna maka, að vera ættaður þaðan (eða maki), að taka dreifbýlisbúsetu fram yfir þéttbýlisbúsetu, hentugt húsnæði og fleira.

4.3. Tekjur

Byggðastofnun lét gera skýrslu um atvinnutekjur eftir svæðum, atvinnugreinum og fleiri bakgrunnsbreytum árið 2016. Þá er einnig greint frá breytingum á þessum þáttum milli árána 2008 og 2015. Samkvæmt greiningu Byggðastofnunar stóðu heildartekjur í Þingeyjarsýslu í stað á tímabilinu og voru um 12,9 milljarðar kr. Mynd 18 sýnir að milli árána 2008 og 2015 hafa heildartekjur í veitinga- og gistirekstri aukist mest allra atvinnugreina eða um 63% og hlutfallslega jukust tekjur mest í leigustarfsemi og sérhæfðri þjónustu (82%). Má ætla að aukið umfang ferðaþjónustu á þessu árabili ráði mestu um þessar miklu breytingar í atvinnugreinunum (Byggðastofnun, 2016).



Mynd 18. Þingeyjarsýsla, atvinnutekjur 2008 og 2015 í milljónum kr. Heimild: Bygðastofnun (2016).

4.4. Ferðapjónusta


Mikið er til af gögnum um ferðapjónustu í Skútustaðahreppi þ.e. Mývatnssveit enda er þetta einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins. Þar sem vægi hennar er svo mikið í samfélaginu er gerð sérstök grein fyrir henni hér og gögnum sem henni tengjast.

Fjöldi og einkenni ferðamanna í Þingeyjarsýslu og Mývatnssveit

Álitið er að um 27% erlendra ferðamanna komi í Þingeyjarsýslu en fjölgunin þar hefur þó verið heldur minni en á sunnan- og vestanverðu landinu. Mismunur á fjölda ferðamanna um sumar og vetur hefur verið að minnka þar sem gestir eru að koma í meira mæli fyrr um vorið og fram eftir haustinu.

Mynd 19 sýnir viðkomu erlendra ferðamanna³ árið 2014 í Þingeyjarsýslu og á nokkrum stöðum innan sýslunnar. Einnig sýnir myndin hve hátt hlutfall af erlendum ferðamönnum sem koma til landsins kemur til einstakra staða. Þannig má sjá að um fjórðungur erlendra ferðamanna lagði leið sína til Mývatnssveitar.

³ Sem komu til landsins með flugi og ferju.




Mynd 19. Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Píngeyjarsýslu 2014 og einstakra ferðamannastaða þar. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson (2015a).

Samsetning erlendra gesta Píngeyjarsýslu árið 2014 var þannig að um 45% komu frá Mið-eða Suður-Evrópu en á landsvísi var sambærileg tala 35%, þá voru einnig hlutfallslega fleiri frá Benelux löndunum. Frá Norður-Ameríku og Bretlandi komu hlutfallslega færri gestir en að meðaltali á landinu öllu (Rögnvaldur Guðmundsson, 2015a).

Mývatnssveit er mest sótti ferðamannastaður í Píngeyjarsýslu og meðal mest sóttu ferðamannastaða landsins. Áætlað er að um 303.000 erlendir ferðamenn hafi komið þangað árið 2015 og að um 130.000 þeirra hafi gist (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2017). Mynd 20 sýnir fjölda ferðamanna í Mývatnssveit árin 2009, 2013 og 2014 eftir mánuðum og sést hin mikla fjölgun vel þar. Jafnframt má sjá að árið 2014 minnkaði ferðamannastraumurinn mjög snögglega í september. Það má líklega rekja til þess að í ágúst það ár hófst eldgos í Holuhrauni sem hafði mikil áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi þar sem stórum svæðum var lokað fyrir allri umferð. Til viðbótar við ofangreindar tölur er áætlað að 36.000 gestir skemmtiferðaskipa hafi komið í Píngeyjarsýslu sama ár og að um 25.000 þeirra hafi komið við í Mývatnssveit.


Innlendir ferðamenn eru einnig mjög fjölmennir í Mývatnssveit yfir sumarið en fjöldi þeirra fer nokkuð mikið eftir því hvernig viðrar hverju sinni. Áætlaður fjöldi Íslendinga sem heimsóttu Mývatnssveit hefur verið á bilinu 52-68 þúsund á ári 2010-2014. Töluverð fækkun átti sér hins vegar stað milli árána 2014 og 2015 og voru innlendir gestir aðeins um 38 þúsund það ár en tíðarfarar var þá slæmt á Norðurlandi.



Mynd 20. Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Mývatnssveit árin 2009, 2013 og 2014. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson (2015a).

Rannsókuð hafa verið þolmörk ferðamanna á Íslandi um árabíl, þar á meðal í Mývatnssveit⁴. Byggjast þessar rannsóknir á viðtölum og könnunum á meðal ferðamanna og aðila í ferðaþjónustu. Kannað er m.a. hvort viðkomandi staður sé að uppfylla þær kröfur sem gestir gera til náttúrunnar, þjónustu, kyrrðar og annars sem talið er að skipti ferðamenn miklu máli. Á grundvelli niðurstaðna úr spurningum, eða eftir því sem þeir eru að leita að með ferð sinni, eru gestir flokkaðir í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna. Sumarið 2013 var gerð rannsókn af þessu tagi í Mývatnssveit ásamt nokkrum öðrum stöðum á landinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Gyða Þórhallsdóttir, Margrét Sævarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Þorkell Stefánsson, 2013). Þar kom fram að náttúrusinnar og miklir náttúrusinnar voru fjölmennastir við Langasjó (41%) og í Lónsöræfum (38%). Mun lægra hlutfall náttúrusinna heimsótti Skaftafell (17%), Mývatnssveit (11%) og Jökulsárgljúfur (9%). Er athyglisvert að sjá þessar niðurstöður þar eð fyrirfram hefði mátt ætla að þar sem Mývatnssveit er fræg fyrir náttúru sína að hlutfall náttúrusinna sem sæktu hana heim væri hærra. Þannig kom fram í könnun Lilju B. Rögnvaldsdóttur (2017) að ástæður ferðar í Mývatnssveit væru langoftast vegna náttúrutengdra þátta eða í 39% tilvika (Mynd 21).

⁴ Þ.e. þolmörk ferðamanna fyrir umbreytingu náttúrulegs umhverfis, fjölda annarra ferðamanna og fleira.



Mynd 21. Ástæða þess að Mývatnssveit varð fyrir valinu skv. könnun meðal ferðamanna sumarið 2015. Heimild: Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2017).

Mjög tengd eru atriði sem tengjast jarðfræðinni (18%) og það er spurning hvort ekki mætti eins flokka það með náttúrunni og svipað gildir um fuglalífið sem er þó einkennilega lágt hlutfall (3%) miðað við hversu sjaldgæfa fugla má sjá við Mývatn.

Samkvæmt fyrrnefndri könnun Lilju voru rúmlega 70% erlendra ferðamanna búnir að ákveða að heimsækja Mývatnssveit áður er þeir komu til Íslands. Níu af hverjum tíu gestum frá sumum löndum s.s. Frakklandi og Ítalíu voru búnir að ákveða fyrirfram að heimsækja Mývatnssveit og segir það mikið til um hvaða sess staðurinn hefur meðal ferðamanna frá þessum löndum. Í opinni spurningu um þau almennu atriði sem svarendur vildu gera athugasemdir við svöruðu flestir því til (9%) að meiri upplýsingar vantaði á svæðinu, að salernisaðstöðu vantaði (7%) og álíka margir (5%) sögðu að bæta þyrfti stígagerð og að verðlag væri of hátt.

Samfélagsleg áhrif ferðapjónustu í Mývatnssveit

Í rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) á samfélagslegum áhrifum ferðapjónustu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2016) var gerð könnun meðal almennings sem varðar ýmsa þætti tengda umsvifum í ferðapjónustu í Mývatnssveit, á Siglufirði og á Höfn í Hornafirði. Voru staðirnir valdir vegna þess að umfang ferðapjónustu er mikið miðað við stærð samfélaganna og árstíðasveiflan mikil. Fór könnun fram í maí 2016 og bárust 127 svör úr Mývatnssveit sem er 55% svörun.

Einnig voru tekin viðtöl við einstaklinga til að grennslast nánar fyrir um einstök atriði og fá fram dæmi um viðhorf til ýmissa þátta er tengjast ferðapjónustu í þessum samfélögum. Bæði var rætt við fólk sem hefur tengsl við ferðapjónustu og sem hefur afkomu af öðru. Að mati höfunda skýrslunnar má sjá að viðvörunarljós eru farin að blikka í Mývatnssveit. Álag á

Samfélagið er þar að ýmsu leyti meira en á hinum tveimur stöðunum, þar er enda fjöldi ferðamanna mjög mikill, ekki síst í samanburði við hið fámenna samfélag sem býr á svæðinu.

Í viðtölum í Mývatnssveit kom meðal annars fram að samskipti við ferðamenn væru ekki mikil, þau væru í raun mjög tilviljunarkennd, s.s. að segja til vegar og þess háttar. Ónæði af ferðamönnum var ekki álitid vera mikið dagsdaglega eða átroðningur utan sérstakra viðkomustaða ferðamanna í sveitinni þótt undantekningar væru vissulega til. Einna helst væri um að ræða að það væri slyshætta af hegðun erlendra ferðamanna í umferðinni, ekki síst vegna þess að notkun þeirra á bílaleigubílum hefur aukist mikið og slík ferðalög eru stunduð í auknum mæli að vetrinum.

Vandamál í tengslum við ferðapjónustuna og umfang hennar í Mývatnssveit var að mati viðmælenda einna helst það að aðstaðan til að taka á móti þeim væri ekki nógu góð, s.s. hvað varðar sorpmál, salerni og vegi.


Að mati viðmælenda hefði ferðapjónusta með vexti undanfarinna ára orðið mikilvægasta atvinnugreinin í sveitinni og þar sem árstíðasveifla í greininni hafi minnkað þá hafi störfum fjölgað mjög yfir veturinn og þau séu aðallega unnin af heimamönnum. Atvinnuleysi á veturna sé því nánast horfið. Á sumrin sé störfunum hins vegar mikið til sinnt af skólafólki og einnig útlendingum í auknum mæli. Fram kom það sjónarmið að það væri í raun jákvætt að fá útlendingana þar sem útsvarstekjur af þeim renni í sveitarsjóð Skútustaðahrepps ólíkt útsvari Íslendinga sem búa annarsstaðar á landinu en vinni tímabundið í Mývatnssveit. Þeir greiða sitt útsvar til lögheimilissveitarfélagsins.

Neikvæð áhrif af miklu umfangi ferðapjónustunnar í Mývatnssveit sem nefnd voru var mannmergð í kringum verslun Samkaupa í Reykjahlíð og að stundum væri erfitt fyrir heimamenn að komast þar að. Viðmælendur töldu að nokkrir þjónustubættir, s.s. heilsugæsla og afgreiðsla sparisjóðs og póstsins væri betri en ella vegna fjölda ferðamanna á svæðinu sem skapa þá auka eftirspurn sem þarf til að tryggja þjónustuna í sessi og að mögulega mætti merkja betri þjónustu Vegagerðarinnar vegna ferðamannafjöldans.

Hvað varðar framtíð ferðapjónustunnar þá sáu viðmælendur ekki að ferðamönnum mætti fjölga nema gerðar væru ráðstafanir í fráveitumálum og fleiru. Þá væru skipulagsmál erfið viðureignar, hagsmunir landeigenda og fjármagnseigenda sem vilja fara í framkvæmdir við hótél eða þessháttar færu alls ekki alltaf saman. Þá væri áhætta í því fólgin að ferðapjónusta vaxi enn meira í sveitarfélaginu og að samfélagið verði um of háð einni atvinnugrein sem gæti dregist saman aftur. Hvað opinbera stefnumörkun varðaði mátti greina að áherslan væri jafnvel mikil á ferðapjónustuna á kostnað annarra atvinnugreina. Sveitarfélagið fái t.d. ekki


nógar tekjur af ferðapjónustu og eigi í nokkrum erfiðleikum með að halda úti þjónustu við íbúana. Í könnuninni í sömu rannsókn kom m.a. fram að meiri hluti svarenda í Mývatnssveit (54%) fannst þjónusta vera fremur miðuð að þörfum ferðamanna en íbúa sem væntanlega tengist fyrrgreindum ummælum í viðtalshluta verkefnisins.

Meirihluti íbúa fannst ferðapjónustan renna stoðum undir fjölbreytni í ferðapjónustu á svæðinu og var það mjög svipað og á hinum tveimur stöðunum (Mynd 22).




Mynd 22. Ferðapjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu hér á svæðinu. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).

Í samanburði við hin tvö sveitarfélögin í könnuninni má sjá að íbúar í Mývatnssveit telja fremur að ferðamenn valdi meira ónæði en áður. Hafa ber í huga að hér er að miklu leyti um dreifbýlissamfélag að ræða sem þar að auki er mun fámennara en hin tvö.




Mynd 23. Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).

Sú atvinna sem verður til í kringum ferðapjónustuna er að stórum hluta árstíðabundin og voru svarendur í Mývatnssveit í meira mæli sammála en á hinum stöðunum um að það væru neikvæð einkenni á ferðapjónustunni. Er það í samræmi við viðtölin sem fyrr var greint frá.




Mynd 24. Það er neikvætt að starfsfólk í ferðapjónustu er hér bara tímabundið. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).

Mývatnssveit vék verulega frá hinum tveimur stöðunum þegar spurt var að því hvort umferð sem fylgir ferðapjónustu truflaði aðra atvinnustarfsemi á svæðinu (Mynd 25). Íbúar voru mun frekar sammála því að um truflun væri að ræða.



Mynd 25. Ferðapjónustu fylgir umferð sem truflar aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).

Þá voru svarendur í Mývatnssveit mun líklegri en íbúar hinna tveggja staðanna til að vera sammála fullyrðingunni um að heimabyggð þeirra geti ekki tekið á móti fleiri ferðamönnum.



Mynd 26. Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður. Heimild: Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. (2016).


Meðal annarra niðurstaðna könnunarinnar var að svarendur í Mývatnssveit töldu í meira mæli (60%) en á hinum stöðunum að ferðamenn hömluðu aðgengi íbúanna að þjónustu. Hér er líklega ekki síst átt við verslunina sem mikið var kvartað um aðgengi að í viðtölunum. Þá töldu um 60% svarenda að nýjar byggingar sem byggðar hafa verið vegna ferðapjónustu féllu vel að umhverfinu sem var mun lægra hlutfall en á hinum tveimur stöðunum (87% og 81%). Þá var

svipað og í fyrri spurningu að hlutfallslega fáir (18%) töldu að almannaþjónusta á svæðinu réði vel við þann ferðamannafjölda sem er þar. Ástand bílastæða fékk algjöra felleinkunn meðal svarenda í Mývatnssveit, aðeins 9% voru sammála um að ástand þeirra væri gott en 30% og 34% á hinum stöðunum. Svipað gildi um viðhorf til skilta og merkinga og til göngustíga og gönguleiða. Ástand fjarskipta var gott á öllum stöðunum að mati svarenda.

Ljóst er að samkvæmt þeirri rannsókn sem hér hefur verið greint frá í stórum dráttum eru samfélagsáhrif af völdum ferðaþjónustunnar mjög mikil í Mývatnssveit. Sum þessara áhrifa eru jákvæð og eru niðurstöður þá oftast sambærilegar við hina tvo staðina. Hins vegar víkur Mývatnssveit oft frá hinum stöðunum með mun neikvæðari samfélagsleg áhrif og er það talsvert umhugsunarefni og tilefni til þess að taka til alvarlegrar skoðunar af til þess bærum yfirvöldum.


Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Mývatnssveit

Lilja B. Rögnvaldsdóttir vann skýrslu á vegum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (2016) um efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Mývatnssveit. Eins og áður hefur komið fram þá koma flestir ferðamenn við í Mývatnssveit sem á annað borð heimsækja Þingeyjarsýslu. Þess vegna má álykta sem svo að ferðaþjónusta í Mývatnssveit fylgi þróun atvinnugreinarinnar í Þingeyjarsýslu. Ferðamenn sem sóttu Þingeyjarsýslu heim 2013 voru um 312.000 og þar af komu um 273.000 í Mývatnssveit eða um 88% (Mynd 27). Því má álykta sem svo að fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins hafi ferðamenn þetta ár verið um 740. Þetta segir þó ekkert um hversu margir þeir voru á einhverjum tilteknum tíma.



Mynd 27. Áætlaður fjöldi ferðamanna í Þingeyjarsýslu 2005-2014. Heimild: Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016).

Meðal helstu niðurstaðna Lilju var að heildarvelta fyrirtækja í Þingeyjarsýslu sem eru tengd ferðaþjónustu hafi verið um 8,3 milljarðar árið 2013, þar af var velta beinlínis í ferðaþjónustu um 4,7 milljarðar. Fjöldi ársverka í ferðaþjónustu í sýslunni var metinn 313 árið 2013. Árstíðasveiflan var mikil þannig að ársverkin voru um 750 um sumarið og 150 yfir veturinn. Launagreiðslur í ferðaþjónustu voru rúmlega 1,4 milljarðar árið 2013. Fjöldi gistinguátta var metinn rúmlega 292.000.



Mynd 28. Fjöldi ársverka eftir atvinnugreinum í Þingeyjarsýslu 2007-2014. Heimild: Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016).

Nokkrir vinnustaðir tengdir ferðaþjónustunni

Stærstu vinnustaðir í Mývatnssveit eru þeir sem tengjast ferðaþjónustunni beint og nokkrir mikilvægir tengjast atvinnugreininni beint eða óbeint. Þannig starfa t.d. um 20-30 starfsmenn á stærri hótelnunum í sveitinni.

Hótelum og gistiheimilum í Mývatnssveit hefur fjölgað mikið á undanförunum árum líkt og annarsstaðar á landinu og eru þau líklega helstu vinnustaðir sveitarinnar. Þar eru stærst Hótel Laxá (80 herbergi), Sel Hótel Mývatn (58 herbergi), Hótel Reynihlíð (41 herbergi), Hótel Gígur (37 herbergi) og Hótel Reykjahlíð með 9 herbergi (Mývatnsstofa, 2017). Þá er í byggingu hótél á vegum Fosshótela í landi Grímsstaða (91 herbergi) og Icelandair hotels áformuðu að byggja 43 herberja viðbót við Hótel Reykjahlíð (RÚV, 2016, 27 maí). Þau áform hafa breyst þar sem

Icelandair hotels hafa keypt Hótel Reyhlið (Viðskiptablaðið, 2017, 13. febrúar) en ekki liggur fyrir hvort standi til að byggja við það eða hvort það hafi áhrif á áform varðandi Hótel Reykjahlið. Alls eru því 225 herbergi í hótélum sem nú eru í rekstri og 134 bætast við miðað við þau áform sem voru í gangi. Þá yrðu herbergin samtals 359 sem verður að teljast mikið í samfélagi sem telur um 400 manns.

Baðlónið er mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustunni í Mývatnssveit. Það er mikið sótt af ferðamönnum og er hliðarafurð orkuvinnslu úr jarðgufu í Bjarnaflagi eins og fyrr segir. Var lónið opnað 2004 og er 120 manna veitingastaður rekinn í tengslum við það. Hefur þróun þessarar viðbótar við ferðaþjónustu Mývatnssveitar gengið afar vel.

Starfsemi sem tengist ferðaþjónustu með óbeinni hætti er til dæmis eftirlit með umhverfi og ferðamannastöðum, svo og stjórnsýsla vegna þessa. Þarna skapast í sumum tilvikum mikilvæg stjórnsýslu- og þjónustustörf sem munar um í jafn fámennu sveitarfélagi og Skútustaðahreppur er. Þannig er Vatnajökulspjóðgarður með talsverða starfsemi í Mývatnssveit í tengslum við þann hluta þjóðgarðsins sem er norðan Vatnajökuls (Vatnajökulspjóðgarður, 2017). Mývatnssveit er mikilvæg miðstöð vegna ferða í Öskju, Herðubreiðarlindir um Sprengisandsleið, Dettifoss, Ásbyrgi, Húsavík og til fjölmargra annarra áfangastaða ferðamanna á Norðausturlandi og miðhálandinu. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í Mývatnssveit er svokölluð jaðarmiðstöð samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandisins og nú landsskipulagsstefnu. Dagsferðum inn á hálendið úr byggð fjölgar eftir því sem vegir og farartæki batna sem er það ákveðin hliðstæða við stækkun vinnusóknarsvæða. Því má ætla að mikilvægi þessara jaðarmiðstöðva vegna gistingar og þjónustu við ferðamenn er sækja hálendið heim, muni aukast.

Umhverfisstofnun er með starfsstöð í Mývatnssveit allt árið vegna eftirlits með friðlýstum svæðum og yfir sumarið bætast við nokkrir landverðir á vegum stofnunarinnar (Umhverfisstofnun, 2017).

5. OPINBER REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir helstu þjónustu opinberra aðila í Skútustaðahreppi en fyrst og fremst er hér um að ræða þjónustu á vegum sveitarfélagsins.

5.1. Þjónusta ríkisins


Þjónusta á vegum ríkisins er fremur einföld í sniðum í Skútustaðahreppi. Eina eiginlega þjónustuútibú á vegum ríkisins sem þar er rekið er Heilsugæslan Reykjahlíð sem er hluti af Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Þar er hjúkrunarfræðingur með viðtalstíma hluta dags þrjá daga í viku og læknir er með móttöku hluta dags tvisvar í viku. Apótek sem rekið er í tengslum við heilsugæsluna er opið hluta dags alla virka daga. Heimahjúkrun er í boði fyrir sjúka og/eða aldraða í sveitarfélaginu.

Eftirlit með friðuðum svæðum og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs skapa einnig opinber störf í hreppnum. Sú þjónusta sem þarna er í boði er fyrst og fremst miðuð að ferðamönnum. Umhverfisstofnun er með útibú í Reykjahlíð vegna eftirlits með friðuðum svæðum. Starfsstöðin er opin allt árið og starfsmönnum fjölga yfir sumarið vegna landvörslu. Vatnajökulsþjóðgarður er með starfsstöð í Reykjahlíð vegna þjónustu og eftirlits með hluta hálendisins innan þjóðgarðsins sem er norðan Vatnajökuls (sjá einnig kafla 4.4).

Rannsóknastöðin við Mývatn er starfrækt í gamla prestssetrinu á Skútustöðum á vegum Umhverfisráðuneytisins. Er hún byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Tveir vísindamenn við Háskóla Íslands eru skráðir sem starfsmenn stöðvarinnar (Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, 2017).


Aðgengi íbúa á landsbyggð að þjónustu ríkisins hefur mjög verið til umræðu, ekki síst í tengslum við þá þróun að þjónusta er að verða sérhæfðari almennt og í boði á færri stöðum. Byggðastofnun hefur látið kortleggja aðgengi íbúa að ýmissi þjónustu eftir vegakerfinu og er að finna kortasöfn á vef stofnunarinnar sem sýna meðal annars slíkt aðgengi (Byggðastofnun, 2017). Þar má m.a. sjá hvort Mývatnssveit lendir innan eða utan þjónustusvæðis miðað við tiltekna fjarlægðarviðmiðun⁵. Hér að aftan eru dæmi um tvö slík kort.

⁵ <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/myndir/kort-gerd-arid-2016>



Mynd 29. Aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu á Íslandi (sérhæfð sjúkrahús) eftir vegakerfinu. Heimild: Byggðastofnun (2017).

Kortið hér að framan sýnir að byggðin í Skútustaðahreppi lendir utan 75 km fjarlægðar frá sérhæfðu sjúkrahúsi. Sjá má að aðgengið mun verulega batna við tilkomu Vaðlaheiðarganga og a.m.k. hluti Skútustaðahrepps mun færast inn fyrir 75 km mörkin.




Mynd 30. Aðgengi íbúa að menntun á Íslandi (framhaldsfræðslu) eftir vegakerfinu. Heimild: Byggðastofnun (2017).

Myndin að framan sýnir aðgengi að framhaldsfræðslu og í þessu tilviki er fjarlægðarviðmiðun Byggðastofnunar önnur eða allt að 30 km og sjá má að einnig í þessu tilviki lendir Skútustaðahreppur utan fjarlægðarmarkanna.

5.2. Þjónusta sveitarfélaga

Umfangsmestu þættir í þjónustu sveitarfélagsins eru Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur. Þá er rekin sveitarstjórnarskrifstofa og íþróttamiðstöð í Reykjahlíð. Sorphirða og ýmsir fleiri þjónustupættir eru reknir í samstarfi við önnur sveitarfélög og er nánari grein gerð fyrir því samstarfi í kafla 5.3.



Mynd 31. Fjöldi barna eftir árum í leikskólanum Yl 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.


Afar mikil fækkun barna á leikskólanum Yl átti sér stað á tímabilinu 2002-2008 eða úr 25 börnum í aðeins 7 á sex ára tímabili (Mynd 31). Síðan hefur fjölgað umtalsvert aftur og voru 18 börn á leikskóla árið 2015. Það er álíka fjöldi og var árið 2004 sem er reyndar síðasta árið sem Kísiliðjan var rekin.

Síðustu ár hafa verið 3-4 börn á fyrsta ári búsett í Skútustaðahreppi samkvæmt heimasíðu Hagstofunnar en þann 1. janúar 2016 voru börn á fyrsta ári orðin 6 þannig að fjölgun í leikskólanum mun væntanlega halda áfram.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ákvað að flytja leikskólann Yl í sama húsnæði og Reykjahlíðarskóla árið 2016 í ljósi fjölgunar barna og til þess að auka hagræði í rekstri.

Nemendum í Reykjahlíðarskóla hefur einnig fækkað afar mikið. Árið 2002 voru nemendur 82 en þeir voru aðeins 32 árið 2015 sem jafngildir 60% fækkun. Upp úr aldamótum var stærð árganga á bilinu 4-12 en undanfarin ár hafa aðeins verið 3-4 í árgangi. Enginn nemandi var í 1.

bekk árin 2009 og 2014. Þróunin virðist vera að snúast við þar sem fjórir nemendur voru í 1. bekk árið 2015 og í ljósi fjölgunar barna í leikskólanum undanfarin ár má búast við að umtalsverður viðsnúningur verði í nemendafjölda Reykjahlíðarskóla á næstu árum.



Mynd 32. Fjöldi nemenda eftir bekkjum í Reykjahlíðarskóla 2001-2015. Gögn: Hagstofa Íslands.

Árið 2007 var gerð úttekt á því hvort rétt væri að hagræða í skólamálum Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í tengslum við kosningu um sameiningu þessara þriggja sveitarfélaga (Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson, 2007). Bent var á uppbyggingu sameiginlegs skóla á Laugum sem eina þeirra leiða sem færar væru til að mæta mikilli fyrirsjáanlegri fækkun nemenda og skapa fjölmennara skólasamfélag. Þessum hugmyndum var hafnað og gerðar voru fleiri úttektir á skólamálum á svæðinu í kjölfarið en að vísu án þess að Skútustaðahreppur væri þar tekinn til skoðunar.

5.3. Stjórnsýsla sveitarfélaga

Skútustaðahreppur heldur úti stjórnsýslu á borð við það sem gerist hjá mörgum sambærilega stórum sveitarfélög og er hreppurinn að auki í samstarfi við nágrannasveitarfélög eða í samstarfi á landshlutavísu um rekstur málaflokka þar sem það er nauðsynlegt eða þykir hagkvæmt s.s. vegna kostnaðar, umfangs eða eðlis þeirra verkefna sem um er að ræða hverju sinni.

Skipulag stjórnsýslu

Yfirstjórn Skútustaðahrepps er í höndum fimm manna sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem starfar í umboði hennar. Sex fagnefndir sveitarfélagsins funda reglulega og eru eftirfarandi:

- Skólanefnd
- Félags- og menningarmálanefnd
- Skipulagsnefnd
- Atvinnumálanefnd
- Umhverfisnefnd
- Landbúnaðar- og girðinganefnd.

Á heimasíðu sveitarfélagsins; <http://myv.is> er að finna upplýsingar um stjórnsýsluna og framkvæmd hennar. Fundargerðir má nálgast hér: <http://myv.is/stjornsyslan/fundargerdir/>.

Sameiningar sveitarfélaga

Skútustaðahreppur er eitt stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli og er rúmlega 6.000 km² ef hálendishluti þess er meðtalinn. Landfræðilega er sveitarfélagið nokkuð vel afmarkað. Mörk Skútustaðahrepps hafa staðið óbreytt mjög lengi þrátt fyrir tilraunir til sameininga sem hreppurinn hefur verið hluti af. Sameiningartilraunir þar sem Skútustaðahreppur hefur átt hlut að máli hafa verið a.m.k. þrjár frá 1993.

Árið 1993 var gerð tillaga um að sameina þáverandi átta sveitarfélög í Suður-Þingeyjarsýslu í eitt í stórum sameiningarkosningum sem fram fóru um land allt. Var tillagan felld í öllum sveitarfélögunum nema Húsavík. Það sem gerðist á þessu svæði í framhaldinu var að Þingeyjarsveit varð til eftir sameiningu Hálshrepps, Ljósavatnshrepps, Bárðdælahrepp og Reykdælahrepps árið 2001 og Húsavík sameinaðist Reykjahreppi árið 2002 undir nafni fyrrnefnda sveitarfélagsins (Morgunblaðið 2002, 12. mars).

Árið 2005 var aftur gert átak í sameiningu sveitarfélaga á landsvísu og þá fór fram kosning um tillögu að sameiningu sveitarfélaga í Suður-Þingeyjarsýslu að undanskilinni Þingeyjarsveit. Að auki voru þrjú sveitarfélög í Norður-Þingeyjarsýslu hluti af tillögunni, þ.e. Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur. Var tillagan var samþykkt í þessum þremur

síðastnefndu sveitarfélögum ásamt Húsavíkurbæ. Í framhaldinu sameinuðust þessi sveitarfélög undir heitinu Norðurþing⁶.

Loks fóru fram sameiningarviðræður árið 2007 í Aðaldælahreppi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Var kosið um tillögu til sameiningar þessara þriggja sveitarfélaga í nóvember það ár. Var tillagan felld í Skútustaðahreppi en samþykkt í hinum tveimur (Fréttablaðið 2007, 18. nóvember) sem sameinuðust í kjölfarið undir heiti Þingeyjarsveitar (Sveitarstjórnarmál, 2007).

Samstarf við önnur sveitarfélög um rekstur þjónustubátta


Áhersla á samstarf sveitarfélaga hefur almennt aukist á landinu á undanförunum árum þar sem stærð sveitarfélaga er afar misjöfn og þar af leiðandi einnig bolmagn þeirra til að sinna málaflokkum þar sem stærri rekstrareiningar eru æskilegar eða hagkvæmar. Þá hafa verið fluttir til sveitarfélaganna stórir málaflokkar sem ýtt hafa undir þörf á samstarfi eða jafnvel sameiningu s.s. rekstur grunnskólans (1996) og málefna fatlaðra (2011). Kröfur um framfylgd reglna í umhverfismálum s.s. á sviði úrgangsmála (Environice, 2015) hafa aukið þörfina á samstarfi á stærri svæðum.

Skútustaðahreppur á aðild að um 26 samstarfsverkefnum ásamt grannsveitarfélögum í Þingeyjarsýslu og á Norðurlandi samkvæmt greiningu sem gerð var á vegum RHA 2016 (Arnar Þór Jóhannesson, Hjalti Jóhannesson og Grétar Þór Eypórsson, 2016). Væntanlega er samstarfið nokkuð meira en ella væri þar sem hreppurinn hefur ekki sameinast öðrum sveitarfélögum í sameiningarbylgjum liðinna ára og er fjöldi samstarfsverkefna aðeins yfir landsmeðaltalinu sem er um 23 (sama heimild). Í viðauka er að finna yfirlit yfir þessi samstarfsverkefni eftir málaflokkum, upplýsingar um rekstrarform verkefnanna og með hvaða sveitarfélögum þau eru unnin. Sjá má að flest þessara verkefna eru á sviði atvinnumála s.s. atvinnuþróun og markaðs- og kynningarmál á sviði ferðaþjónustu. Þá eru einnig allmörg samstarfsverkefni á sviði félagsmála og menningarmála í Þingeyjarsýslu.

5.4. Rekstur og afkoma sveitarfélagsins

Afkoma sveitarsjóðs Skútustaðahrepps hefur verið all misjöfn milli ára síðan 2002 (Mynd 33). Á árunum fram að fjármálakreppu 2008 var afkoma hreppsins jákvæð en síðan fór hún á verri veg eins og víða í opinberum rekstri.


⁶ Sem var þá í framhaldinu bæði í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu.



Mynd 33. Rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs Skútustaðahrepps (A-hluta) á tímabilinu 2002-2015 á verðlagi hvers árs. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.


Eftir að ferðamönnum fór að fjölga að ráði upp úr 2010 hefur afkoman verið afar misjöfn milli ára. Sér í lagi var hún neikvæð árið 2014 og var það m.a. rekið til uppgjörs við slit á Sorpsamlagi Þingeyinga (fundur sveitarstjórnar 27. maí 2015).

Sjá má að rekstrarniðurstaða sem hlutfall af tekjum árin 2009-2015 er svipuð fyrir Skútustaðahrepp og myndin að framan. Samanburður við nágrannasveitarfélögin tvö og landið sýnir að í öllum tilfellum er mikill munur milli ára. Afkoma þessara sveitarfélaga hefur að jafnaði verið heldur lakari en á landinu öllu þessi ár en í lok tímabilsins voru sveiflur í afkomu Skútustaðahrepps einstaklega miklar. Ekki er gott að átta sig á hvort jákvæð afkoma 2015 er varanleg en eins og fram hefur komið. Er ástæða neikvæðrar afkomu 2014 vegna einskisútgjalda, þ.e. uppgjörs á sorpsamlagi og þannig má búast við að afkoman sé að þróast í jákvæðari átt og að niðurstaða ársins 2015 sé til marks um það.



Mynd 34. Rekstrarniðurstaða í hlutfalli af tekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísi 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Veltufé frá rekstri (Mynd 35) er mikið notuð kennitala um rekstur og segir hún til um hvaða fjármuni sveitarfélagið hefur úr eigin rekstri til að greiða afborgarnir vegna skulda eða skuldbindinga. Þetta segir í raun til um hvaða fjármuni sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar eftir að búið er að greiða rekstrarkostnað. Veltufé frá rekstri er einnig ætlað að greiða fyrir fjárfestingar sveitarfélagsins.




Mynd 35. Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísi 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Í tilviki Skútustaðahrepps hefur veltufé frá rekstri náð meðaltali allra sveitarfélaga í þrjú ár á þessu tímabili 2009, 2013 og 2015. Öll önnur ár hefur það verið lægra og náði lágmarki 2014 sem var einkar slakt rekstrarár hjá hreppnum eins og fyrr segir. Þróun veltufjárhlutfallsins er enn eitt dæmið um hve sveiflukennd afkoma sveitarfélagsins hefur verið á undanförunum

árum. Samanburður við nágrannasveitarfélögin tvö sýnir að Skútustaðahreppur er ekki einn í þeirri stöðu. Hins vegar er athyglisvert að fjárhagur hinna sveitarfélaganna þróast í öðrum takti og veltufé þeirra hefur aldrei náð landsmeðaltalinu frá árinu 2009.


5.5. Tekjur

Tekjur Skútustaðahrepps hafa aukist mikið frá árinu 2002. Hins vegar hefur það ekki gerst samfelld, heildartekjur lækkuðu t.d. milli áranna 2002 og 2003 og útsvarið lækkaði á tímabilinu 2002-2005. Eftir hrunið 2008 lækkuðu tekjur fram til ársins 2010 en hafa hækkað nokkuð stöðugt síðan. Hlutfall útsvars af tekjum var um 62% árið 2002 en lækkaði niður í aðeins 45% árið 2007. Þetta hlutfall hefur hækkað síðan og er aftur orðið 62%. Hluttur Jöfnunarsjóðs í tekjum var hins vegar um 26% árið 2002 en fór mjög hækkandi fram til ársins 2007 og þá var hlutfallið orðið um 42%. Fasteignaskattar hafa hækkað sem hlutfall af heildartekjum. Þeir voru um 12% teknanna 2002 en hafa hækkað nokkuð jöfnum skrefum, m.a. með auknum umsvifum í ferðaþjónustu og eru orðnir rúmlega 20% heildartekna.




Mynd 36. Tekjur Skútustaðahrepps 2002-2015 (A-hluti sveitarsjóðs) eftir tegundum og árum (þús. kr.). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Á föstu verðlagi miðað við neysluverðvísitölu lækkuðu heildartekjur milli áranna 2002 og 2003 en hækkuðu síðan til 2007 og náðu þá hámarki. Fram til 2010 var lækkun en síðan nokkuð stöðug hækkun fram til 2015 (Mynd 37).



Mynd 37. Tekjur Skútustaðahrepps 2002-2015 (A-hluti sveitarsjóðs) eftir tegundum og árum (pús. kr. á föstu verðlagi meðal neysluverðs á ári 2015). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Ef borið er saman við nágrannasveitarfélögin tvö og landið allt (Mynd 38) er áberandi hve framlög úr jöfnunarsjóði sem hlutfall af tekjum hefur verið að lækka á undanförunum árum og athyglisvert er að það er innan við helmingur þess sem er í Þingeyjarsveit og umtalsvert lægra en í Norðurþingi síðan árið 2013.



Mynd 38. Hlutfall jöfnunarsjóðs af tekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísi 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.


Miðað við mikla fjölgun ferðamanna á svæðinu er athyglisvert að tekjuauka gæti ekki í meira mæli í rekstri sveitarfélagsins, en talið er að ferðamönnum í Þingeyjarsýslu hafi fjölgað úr 136 þúsund árið 2009 í 269 þúsund árið 2014 sem er 98% fjölgun. Forsvarsmenn Skútustaðahrepps hafa m.a. gagnrýnt mjög hve lítið sveitarfélög bera úr bótum vegna tekna af ferðaþjónustu en

verði hins vegar fyrir ýmsum kostnaði sem tengist fjölgun ferðamanna, s.s. á sviði sorpmála, fráveitu, skipulags- og byggingamála og umhverfismála (Eyþing, 2014).

5.6. Gjöld


Þróun á útgjöldum Skútustaðahrepps má sjá á myndinni að neðan (Mynd 39). Sjá má að kostnaðarsamasti útgjaldaliður sveitarfélagsins, þ.e. fræðslu- og uppeldismál hefur hækkað lítið eftir árið 2010 en flestir aðrir liðir hafa hækkað umtalsvert. Talsverður halli var á rekstri sveitarfélagsins 2014 einkum vegna slita á Sorpsamlagi Þingeyinga. Í seinni umræðu hreppsnefndar 15. desember 2015 um gerð fjárhagsáætlunar hreppsins fyrir árið 2016 kom fram að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafði gert athugasemdir við afkomu sveitarfélagsins og var talið að grípa þyrfti til aðhaldsaðgerða til að mæta reglum um að sameiginleg útgjöld A og B hluta sveitarsjóðs megi ekki vera hærri en sem nemur reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Ákveðið var á sama fundi hreppsnefndar að grípa til lokunar sundlaugar á árinu 2016, fresta viðhaldi bygginga og undirbúa eignasölu.

Ef útgjöld eru skoðuð á föstu verðlagi má sjá að útgjöld til fræðslu- og uppeldismála hækkuðu fram til ársins 2007 en hafa dregist saman að raungildi síðan. Sá málaflokkur sem hefur hækkað mest að raungildi frá árinu 2002 eru æskulýðs- og íþróttamál eða um 24%.



Mynd 39. Útgjöld Skútustaðahrepps eftir helstu málaflokkum 2002-2015 á verðlagi hvers árs (A-hluti sveitarsjóðs). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Það sem hér er dregið saman í „aðrir málaflokkar“ hefur að geyma nokkra minni rekstrarliði í bókhaldi sveitarfélagsins. Mynd 40 sýnir hvernig hver þessara liða hefur þróast á tímabilinu frá 2002.



Mynd 40. Útgjöld í nokkrum „minni“ málaflokkum Skútustaðahrepps á tímabilinu 2002-2015 á verðlagi hvers árs (A-hluti sveitarsjóðs). Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.


Þegar þessir liðir eða málaflokkar eru skoðaðir hver fyrir sig kemur í ljós að nokkrir þeirra hafa hækkað umtalsvert á undanförunum árum, sérstaklega eftir hrunið 2008. Þetta eru einkum brunamál og almannavarnir, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál og hreinlætismál. Útgjöld til hreinlætismála eru reyndar mjög mishá á milli ára en þar er meðal annars um að ræða frárennslismál sem geta reynst sveitarfélögum kostnaðarsöm. Er freistandi að tengja kostnaðaraukningu í sumum þessara málaflokka við hina miklu fjölgun ferðamanna sem orðið hefur í Mývatnssveit á undanförunum árum. Sérstaklega á það við um hreinlætismál, umhverfismál og skipulags- og byggingarmál. Sumir þessara málaflokka eru unnir í samstarfi við nágrannasveitarfélögin, svo sem skipulags- og byggingarmál og brunamál og almannavarnir (sjá viðauka 1).

Samanburður við tvö nágrannasveitarfélög í Þingeyjarsýslu sýnir að það er talsverður munur á útgjaldamynstri sveitarfélaganna eins og staðan var árið 2015 (**Error! Reference source not found.**). Skatttekjur Skútustaðahrepps voru nálægt meðaltali þessara þriggja sveitarfélaga eða um 760 þúsund kr. á íbúa. Útgjöld í einstökum málaflokkum viku hins vegar í nokkrum veigamiklum atriðum frá hinum sveitarfélögum. Þannig voru útgjöld til fræðslu- og uppeldismála aðeins um helmingur af því sem var hjá Þingeyjarsveit en svipuð og hjá Norðurþingi. Má líklega rekja þetta til þess að börnum hefur fækkað mikið í Skútustaðahreppi og virðist hafa tekist að draga einnig saman útgjöld í málaflokknum. Voru útgjöld til fræðslu- og uppeldismála í heild um 45% af skatttekjum árið 2015 en voru tæplega 60% árið 2005.

Tafla 3. Rekstur málaflokka í kr. á íbúa árið 2015 í Skútustaðahreppi, Norðurþingi og Þingeyjarsveit. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Málaflokkar	Norðurþing kr. á íbúa	Skútustaðahreppur kr. á íbúa	Þingeyjarsveit kr. á íbúa
00 Skatttekjur	707.408	759.123	820.210
02 Félagsþjónusta	44.857	47.218	46.481
03 Heilbrigðismál	1.001	1.061	1.525
04 Fræðslu- og uppeldismál	327.813	343.432	604.796
05 Menningarmál	17.772	39.652	61.252
06 Æskulýðs- og íþróttamál	68.274	132.584	40.907
07 Brunamál og almannavarnir	13.544	23.972	25.792
08 Hreinlætismál	9.474	7.661	4.110
09 Skipulags- og byggingarmál	12.545	18.135	10.012
10 Umferðar- og samgöngumál	40.341	19.688	24.387
11 Umhverfismál	23.664	31.175	9.483
13 Atvinnumál	36.257	13.936	6.004
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja			
21 Sameiginlegur kostnaður	96.613	124.385	73.768

Mynd 41 sýnir að sem hlutfall af skatttekjum hafa fræðslu- og uppeldismál um margra ára skeið verið mun kostnaðarsamari í Þingeyjarsveit en hjá Skútustaðahreppi og Norðurþingi. Hlutfallið var þar tæp 74% árið 2015 á meðan það var um 46% hjá Norðurþingi og Skútustaðahreppi. Landsmeðaltalið var um 53%. Athyglisvert er einnig að þetta hlutfall hefur verið að lækka umtalsvert á tímabilinu í Skútustaðahreppi og er alltaf undir landsmeðaltalinu. Kannski er það ekki óvænt og kemur ekki til af góðu þegar haft er í huga að börnum hefur fækkað mjög mikið á undanförunum árum (sjá kafla 3.2 og 3.3).




Mynd 41. Hlutfall fræðslu- og uppeldismála af skatttekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísi 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Athyglisverð eru hlutfallslega há útgjöld á sviði æskulýðs- og íþróttamála í Skútustaðahreppi eða um þrefalt hærri en hjá Þingeyjarsveit og helmingi hærri en í Norðurþingi. Þegar reikningar sveitarsjóðs voru skoðaðir nánar kom í ljós að útgjöld vegna sundlaugar og íþróttahúss voru

einkum skýringin á þessum kostnaðarsama málaflokki Skútustaðahrepps. Vegna kostnaðar og fyrirbyggjandi viðhalds á sundlauginni í Reykjahlíð ákvað sveitarstjórn Skútustaðahrepps við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 að loka henni það ár og fer sundkennsla fram á Laugum í Þingeyjarsveit. Fyrir lá að endurnýja sundlaugarkarið sjálf þar sem það lak klórmenguðu vatni út í umhverfið og stjórnþúnaður laugarinnar var orðinn úreltur. Áætlaður kostnaður við viðgerð var 150 mkr. og áætlað var að rekstur sveitarsjóðs myndi batna um 10-15 mkr. á ári við lokun laugarinnar.


Mynd 42 sýnir að kostnaður við æskulýðs- og íþróttamál hjá Skútustaðahreppi hefur stöðugt verið mun hærri en hjá Þingeyjarsveit, Norðurþingi, svo og á landinu öllu undanfarnin ár. Athyglisvert er að kostnaðurinn hækkar undir lok tímabilsins eða í aðdraganda þess að sundlaug hreppsins var lokað 2016. Kostnaður Þingeyjarsveitar var ekki nema 5% af skatttekjum 2015 á meðan hann var 17,5% í Skútustaðahreppi þannig að hér snýst málið talsvert við þegar borið er saman við kostnað við fræðslu- og uppeldismál.



Mynd 42. Hlutfall æskulýðs- og íþróttamála af skatttekjum í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísi 2009-2015. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

5.7. Skuldir

Skuldir Skútustaðahrepps sem hlutfall af tekjum voru rúmlega 53% árið 2015 sem er álíka staða og í Þingeyjarsveit og mun betri en í Norðurþingi þar sem þetta hlutfall er 180% og meðal þess versta sem gerist á landinu. Landsmeðaltalið var 114% árið 2015. Hefur þetta skuldahlutfall heldur farið hækkandi í Skútustaðahreppi á undanförunum árum.



Mynd 43. Skuldir og skuldbindingar í Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit, Norðurþingi og á landsvísu í hlutfalli við tekjur 2009-2015. Heimild Samband íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

6. NOKKAR HEIMILDIR UM ÁHRIFASVÆÐIÐ

Hér verður greint frá nokkrum heimildum og gagnasöfnum sem varða samfélagsleg málefni í Skútustaðahreppi sérstaklega. Má líta á þetta sem dæmi um hvað er til og á hvaða sviðum fremur en tæmandi lista. Sumt af þessu efni hefur þegar verið til umfjöllunar í viðkomandi köflum framar í skýrslunni og eðlilega notað sem heimildir þar.

6.1. *Þróun atvinnulífs og mannfjölda*

- **Mannfjöldagögn.** Mest af gögnum um mannfjölda svæðisins, samsetningu og búferlaflutninga er að finna á vef Hagstofu Íslands. Þessi gögn eru almennt aðgengileg niður á einstök sveitarfélag en í nokkrum tilvikum eru gögnin fyrir landshluta eða höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Í manntalinu 2011 var gerð ítarlegri greining á ýmsum þáttum, s.s. er varðar menntun og félagslegan bakgrunn. Þar var notast við aðra landfræðilega skiptingu í svæði en venja er til. Þingeyjarsýsla austan Eyjafjarðar er eitt þessara talningarsvæða. Hér er hlekkur á svæði manntalsins 2011:

<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/manntal/manntal-2011/>

6.2. *Atvinnu- og þjónustusókn, tekjur*

- **Aðgengi íbúa að þjónustu.** Bygðastofnun hefur látið kortleggja aðgengi íbúa að þjónustu eftir vegakerfinu og er kortasöfn að finna á vef stofnunarinnar sem sýna meðal annars slíkt aðgengi en einnig fjölmarga aðra þætti er varða stöðu byggðar og atvinnulífs víða um land (Bygðastofnun, 2017). Þar má m.a. sjá hvort Mývatnssveit lendir innan eða utan þjónustusvæðis miðað við tiltekna fjarlægðarviðmiðun. Slík kort eru aðgengileg á vefsvæði Bygðastofnunar:

<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/myndir/kort-gerd-arid-2016>

- **Atvinnutekjur.** Ríkisskattstjóri er með á sínum vef gagnasvæði þar sem afla má upplýsinga um tekjur eftir svæðum. Nýlega var þó birtingu gagna breytt á þann hátt að þau eru miðuð við landshluta en ekki sveitarfélög eins og áður sem er slæmt fyrir rannsóknir á minni svæðum líkt og Skútustaðahreppi. Hér er gagnvirkur vefur:

<http://greining.rsk.is/>

- **Skipting landsins í þjónustusvæði.** Byggðastofnun áformar að láta fara fram kannanir í öllum landshlutum á því hvert íbúar eru að sækja sér þjónustu⁷ og á grundvelli þeirra kannana mun landinu öllu verða skipt upp í þjónustusvæði. Er þetta gert á grundvelli stefnumótandi byggðaaáætlunar 2014-2017.
- **Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða.** Byggðastofnun hefur reglulega gefið út kort sem sýna stærð atvinnusóknarsvæða á landinu. Nýjasta kortið á því sviði ásamt skýringum er að finna hér:

<http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/vinnusoknarsvaedi-thettbylisstada-2014>.

- **Þýðing Kísiliðjunnar fyrir efnahag og atvinnulíf í Mývatnssveit.** Við fyrirsjáanlega lokun Kísiliðjunnar lét Byggðastofnun taka saman skýrslu árið 1997 um helstu afleiðingar lokunarinnar á samfélagið í Mývatnssveit. Urðu afleiðingarnar fyrir samfélagið sem betur fer ekki eins afdrifaríkar og óttast var en hér er engu að síður um áhugaverðar upplýsingar um samfélagið á svæðinu að ræða:

http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/kisilidjan_thyding.pdf

6.3. Ferðapjónusta

- **Efnahagsleg áhrif ferðapjónustu.** Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur um nokkurt skeið stundað rannsóknir á efnahagslegum áhrifum ferðapjónustu fyrir einstök svæði og meðal annars Þingeyjarsýslu. Vísað er til Mývatnssveitar í rannsókninni, s.s. hvað varðar ferðamannafjölda en niðurstöður um efnahagsleg áhrif varða Þingeyjarsýslu sem heild. Nýlega skýrslu um það efni er að finna hér:

<http://www.rmfi.is/static/research/files/economic-effects-of-tourism-v03pdf>

- **Kannanir meðal ferðamanna.** Ferðamálastofa safnar saman kannanagögnum á sínum vef, sum gögn varða Mývatnssveit a.m.k. á þann hátt að upplýsingar fást um þróun ferðamannafjölda. Vefsvæði kannana og annarrar útgáfu Ferðamálastofu má finna hér:

<http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir>

- **Samfélagsleg áhrif ferðapjónustu I.** Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur gert kannanir fyrir Stjórnstöð ferðamála á samfélagsáhrifum ferðapjónustu á Höfn, í

⁷ Könnun af þessu tagi fór fram á Norðurlandi vestra á árinu 2016 og má sjá hér:

<http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun-2016.pdf>

Mývatnssveit og á Siglufirði (2016) enda er umfang atvinnugreinarinnar mikið í samanburði við samfélögin. Góður samanburður fæst milli Mývatnssveitar og hinna tveggja samfélaganna. Þar sem hlutfallslegt vægi ferðaþjónustu er mest í Mývatnssveit eru niðurstöður sérstaklega áhugaverðar. Má sjá að álag á samfélagið er mikið:

http://www.rmfi.is/static/research/files/04-2016-samfelagsahrif_lokpdf

- **Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu II.** Ítarlegri greining gagna í könnun meðal íbúa í ferðaþjónustusamfélagunum Höfn, Mývatnssveit og Siglufirði.

http://www.rmfi.is/static/research/files/06-2016-ahrif-ferdatjonustu_lokpdf

- **Þolmörk ferðamanna.** Gerðar hafa verið kannanir á þolmörkum ferðamanna á nokkrum stöðum á landinu, þar á meðal í Mývatnssveit. Byggjast þessar rannsóknir á viðtölum og könnunum á meðal ferðamanna og aðila í ferðaþjónustu. Kannað er m.a. hvort viðkomandi staður sé að uppfylla þær kröfur sem gestir gera til náttúrunnar; þjónustu, kyrrðar og annars sem talið er að skipti ferðamenn miklu máli. Ein nýleg rannsókn af þessu tagi eða frá 2013 er fyrirliggjandi og varðar m.a. Mývatnssveit.

http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/samanburdur_tholmork_ferdamennsku_2.pdf

6.4. *Opinber rekstur og þjónusta*

- **Fjármál sveitarfélaga.** Á heimasvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga eru bestu fáanlegu gögn um rekstur sveitarfélaga.

<http://www.samband.is/verkefni/rekstur-sveitarfelaga/talnaefni/>

- **Fyrirkomulag skólamála.** Skólamál eru kostnaðarsamasti málaflokkur sveitarfélaganna og hafa verið gerðar úttektir víða um land til þess að kanna möguleika á að hagræða í málaflokknum. Einn grunnskóli er í Skútustaðahreppi og landfræðilegar aðstæður þannig að ekki eru miklar forsendur til breytinga. Þó er að minnsta kosti ein úttekt til þar sem Skútustaðahreppur var til skoðunar en það var 2007 í tengslum við áformaða sameiningu hreppsins við Aðaldælahrepp og Þingeyjarsveit.

http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2007/Skolamal_S-Thing-juli-2007_loka.pdf

- **Fráveita og vatnsgæði.** Árið 2016 var skilað skýrslu til umhverfisráðherra um ástand lífríkis Mývatns; *Skýrsla samstarfshóps um Mývatn: Ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir*. Þar skyldi „taka saman lykilupplýsingar um ástand mála í Mývatni, orsakir þess vanda sem þar er nú við að etja og hugsanlegar aðgerðir til að bæta þar úr, m.a. á sviði fráveitumála“ eins og það var orðað í skýrslunni. Hér er dæmi um snertiflöt umhverfis og opinberrar þjónustu, þ.e. fráveitumála sem eru á ábyrgð sveitarfélaganna. Í sveitarfélagi sem er á jafn viðkvæmu svæði og Mývatnssveit er þá er þetta afar mikilvægur málaflokkur sem þarf að gaumgæfa í tengslum við alla landnotkun. Ekki síst er þetta mikilvægt þar sem ferðamenn eru um það bil þúsund sinnum fleiri en íbúarnir.

https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/MYVATNSSKYRSLA-LOKAEINTAK-20062016.pdf

- **Meðferð úrgangs.** Ýmis verkefni eru á mörkum þess að vera samfélagsleg eða umhverfisleg, gildir það m.a. um hvernig farið er með úrgang, bæði fráveitu og sorp. Meðal annars hefur verið gerð svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026 og stóð Environice (2015) að gerð þessarar úttektar.

<http://www.hunathing.is/asset/7757/Sv%C3%A6%C3%B0is%C3%A1%C3%A6tlun%20Nor%C3%B0urland%202015%20-%20Loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>

- **Samstarf sveitarfélaga.** Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði árið 2016 rannsókn sem varðar samstarfsverkefni sveitarfélaga og er þar að finna viðhorf sveitarstjórnarmanna til þess og einnig var gerð kortlagning á umfangi samstarfs sveitarfélaga eftir landshlutum.

http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2016/samstarf_sveitarfelaga_lokaskýrsla.pdf

6.5. Samgöngur

- **Samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðarganga (könnun).** Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði rannsókn á viðhorfum íbúa í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu til núverandi samgangna og Vaðlaheiðarganga 2015.

http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/rha_vadlaheidi-konnun_oktober_2014-samsett.pdf

- **Samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðarganga (viðtalsrannsókn).** Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði viðtalsrannsókn þar sem beint var sjónum að því hvernig fólk upplifir núverandi samgöngur og hvaða væntingar fólk hefur til Vaðlaheiðarganga:
http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2016/vadlaheidi_rannsoknasiodur_vegagerd_rha_2016-loka.pdf

6.6. Áhrif stórfamkvæmda

- **Samfélagsleg áhrif stórfamkvæmda á Austurlandi.** Á árunum 2004-2010 var unnið verkefni á vegum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri til að fylgjast með samfélagsáhrifum framkvæmdanna við Kárahnjúkavirkjun og álver Fjarðaáls. Voru framkvæmdar kannanir meðal íbúa á Austurlandi og á landinu öllu, kannanir meðal starfsmanna, tekin viðtöl við almenning og sérfræðinga og fylgst með þróun mannfjölda á svæðinu, fasteignaverði, rekstri og þjónustu sveitarfélaga og fleira. Alls voru gefnar út níu skýrslur í verkefninu sem eru allar aðgengilegar hér:

<http://www.rha.is/is/rannsoknir/utgefid-efni/samfelagsahrif-storframkvaemda-austurlandi>

- **Mat á samfélagsáhrifum stórfamkvæmda.** Nokkur dæmi eru um að stærri framkvæmdir hafi farið í mat á samfélagsáhrifum, stundum sem hluti af formlegu ferli við mat á umhverfisáhrifum, s.s. Héðinsfjarðargöng:

<http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2001/trollaskagagong.pdf>,

Kárahnjúkavirkjun:

(<http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2001/karahnjukavirkjun.pdf>),

Álver við Húsavík:

https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/8903/Alver-Husavik_samfelagsmat_Jan-09.pdf?sequence=1

Landeyjahöfn (þá Bakkafjöruhöfn):

http://www.rannsoknamidstod.bifrost.is/Files/Skra_0024427.pdf.

Aðferðafræði hefur þróast eitthvað á þessum tíma en þarf líklega að gera það enn frekar. Hefð hefur ekki myndast fyrir gerð samfélagsmats sem hluta af mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

7. HEIMILDASKRÁ

- Alþingi. (2016). 131. löggjafarþing — 53. fundur, 8. des. 2004. *Lokun Kísiliðjunnar*. <http://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20041208T111732.html> Sótt 3. janúar 2017.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Gyða Þórhallsdóttir, Margrét Sævarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Þorkell Stefánsson. (2013). *Þolmörk ferðamanna: Samanburður á árunum 2000/2001 og 2013*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Arnar Þór Jóhannesson, Hjalti Jóhannesson og Grétar Þór Eyþórsson. *Samstarfsverkefni sveitarfélaga*. Rannsókn unnin fyrir tilstyrk Byggðarannsóknasjóðs. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Byggðastofnun. (2017). Atvinnutekjur 2008-2015 eftir atvinnugreinum og svæðum. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.
- Byggðastofnun. (2017). *Kort sem hafa verið unnin á Byggðastofnun á árinu 2016*. Heimasíðan <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/myndir/kort-gerd-arid-2016> . Sótt 24. janúar 2017.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyþing. (2014). *Aðalfundur Eyþings 2014. Haldinn á Narfastöðum í Þingeyjarsveit 3. og 4. október 2014, Fundargerð*. http://www.eything.is/static/files/Adalfundur_Eythings/fundargerð-adalfundar-2014.pdf . Sótt 4. janúar 2017.
- Fréttablaðið. (2007, 18. nóvember). Kosningar í Þingeyjarsýslu: Sameining felld.
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands. (2016). *Heilsugæslan Reykjahlíð*. Heimasíðan <http://www.hsn.is/husavik/starfsstodvar/reykjahlid> Sótt 11. janúar 2017.
- Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir. (2015). *Vaðlaheiðargöng, samfélagsáhrif. Helstu niðurstöður könnunar í október 2014*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson. (2007). *Skólamál í Aðaldælahreppi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Athugun á málefnum grunnskóla*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Hjalti Jóhannesson. (2016a). *Atvinnusókn kynjanna, samantekt á niðurstöðum viðtala*. (óbirt rannsóknagögn) Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson. (2016b). Samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðarganga, viðtalsrannsókn – staðan fyrir göng: „Menn eru byrjaðir að stóla á að komast alltaf“. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Landsvirkjun. (2016a). *Bjarnarflag*. Heimasíðan <http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar/bjarnarflag/> . Sótt 3. janúar 2017.

Landsvirkjun. (2016b). *Kröflustöð*. Heimasíðan <http://www.landsvirkjun.is/Fyrirtaekid/Aflstodvar/kroflustod> . Sótt 3. janúar 2017.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2016). Economic Impact of Tourism in Þingeyjarsýslur: Analysis at the sub-national level in Iceland. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2017). Umfang og áhrif erlendra gesta í Mývatnssveit 2015: Niðurstöður spurningakönnunar meðal erlendra gesta í Mývatnssveit sumarið 2015. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála 2017

Morgunblaðið. (2002, 12. mars). Samþykkt að sameina Húsavík og Reykjahrepp.

Mývatnssstofa. (2017). *Hotels*. Heimasíðan <http://www.visitmyvatn.is/en/travel/accommodation/hotels-and-hotel-appartments> . Sótt 24. janúar 2017.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. (2017). *Stöðin*. http://www.ramy.is/?page_id=2

RÚV. (2016, 27 maí). *Byggja nýtt hótél og stækka annað verulega*. <http://www.ruv.is/frett/byggja-nytt-hotel-og-staekka-annad-verulega>. Sótt 24. janúar 2017.

Rögnvaldur Guðmundsson. (2015a). Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2005-2014. Samantekt unnin fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

Rögnvaldur Guðmundsson. (2015b). Vegir og ferðaþjónusta 2014-15, árstíðadreifing erlendra ferðamanna og notkun bílaleigubíla Samanburður við fyrri kannanir. Unnið fyrir Vegagerðina. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

Sveitarstjórnarmál. (2007) *Mývetningar felldu sameiningu*. Sveitarstjórnarmál, 67. árg. 8. tbl., 15.

Tíminn. (1938, 28. apríl). *Þjóðsöngur íslenskra byggða*.

Umhverfisstofnun. (2017). *Mývatn*. ust.is/umhverfisstofnun/starfsstodvar/myvatn/ . Sótt 24. janúar 2017.

Vatnajökulspjóðgarður. (2017). *Starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs*. Heimasíðan <http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/starfsemi/starfsfolk/>. Sótt 24. janúar 2017.

Viðskiptablaðið. (2017, 13. febrúar). *Icelandair Hotels kaupa Hótel Reynihlíð. Icelandair Hotels hafa keypt húsnæði og rekstur Hótel Reynihlíðar við Mývatn*. www.vb.is/frettir/icelandair-hotels-kaupa-hotel-reynihlid/135521/ Sótt 15. febrúar 2017.

VIÐAUKI 1. YFIRLIT YFIR SAMSTARFSVERKEFNI

Í viðauka 1 má sjá tvær töflur með yfirliti yfir samstarfsverkefni sveitarfélaga í Suður-pingeyjarsýslu eins og þau voru árið 2016 samkvæmt rannsókn sem RHA gerði um samstarf sveitarfélaga (Arnar Þór Jóhannesson o.fl., 2016). Samstarf sveitarfélaga er umfangsmikið hjá flestum sveitarfélögum og í öllum landshlutum og fer ekki endilega eftir stærð sveitarfélaga enda eru fjölmenn sveitarfélög gjarnan að veita smærri nágrönnum sínum þjónustu. Verkefnin eru flokkuð eftir sömu málaflokkum og rekstur sveitarfélaga er flokkaður í og einnig eru þau flokkuð eftir rekstrarformi samstarfsins samanber upptalningu á merkingu skammstafana neðanmáls í seinni töflunni.

Félagsmál	Norðurþing	Þingeyjarsveit	Skútustaðahreppur	Tjörneshreppur	Aths.
Félagsþjónusta	S	S	S	S	
Málefni aldraðra (dvalarheimili aldraðra Sf)	Sf	Sf	Sf	Sf	
Barnavernd	S	S	S	S	
Málefni fatlaðs fólks	S	S	S	S	
Fræðslu- og uppeldismál					
Fræðslumál	S	S	S	S	
Leikskólar	S			S	
Grunnskólar	S			S	
Tónlistarskóli	S			S	
Þekkingarnet Þingeyinga?	Ses	Ses	Ses	Ses	
Menningarmál					
Menningarmál (Menningarmiðstöð Þingeyinga)	Ses	Ses	Ses	Ses	
Menningarráð	L	L	L	L	
Héraðsbókasafn	S	S	S	S	
Önnur söfn	Hn	Hn	Hn	Hn	Yfirstjórn safnamála
Bruna- og almannavarnir					
Almannavarnanefnd	S	S	S	S	
Brunavarnir		S	S		
Brunavarnir	S			S	
Hreinlætismál					
Sorphirða	S			S	
Sorphirða		S	S		
Umferðar- og samgöngumál					
Almenningssamgöngur	L	L	L	L	

Umhverfis- og garðyrkjumál	Norðurþing	Þingeyjarsveit	Skútustaðahreppur	Tjörneshreppur
Almenningsgarðar og opin svæði (Þingey)	Hn	Hn	Hn	Hn
Gróður- og náttúruverndarnefnd	Hn	Hn	Hn	Hn
Atvinnumál				
Atvinnuþróunarfélag	HF	HF	HF	HF
Fjallskil	Hn	Hn	Hn	Hn
Ferðabjónusta	N	N	N	N Visit Mývatn
Heilbrigðisnefnd	L	L	L	L
Markaðsstofa	N	N	N	N Ásamt Norðurlandi vestra
Markaðsstofa	N	N	N	N Visit Mývatn
Náttúrustofur	S	S	S	S
Rannsóknir	Ses	Ses	Ses	Ses þp
Sóknaráætlun/Uppbyggingarsjóður	L	L	L	L
Landshlutasamtök	L	L	L	L
Veitumál				
Norðurorka		HF		
Skýringar skammstafana				
HF=hlutafélag				
Hn=héraðsnefnd				
L=landshlutasamtök				
N=sameiginleg nefnd				
S=samningur				
Ses=sjálfsfærðarstofnun				
Sf=Sameignarfélag				



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

